Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2394
komudagur 11.5.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinn@fornleifavernd.is

Reykjavík 11. maí 2011
*Tilvísun: Fvr 2011050007 /KM*

**Efni: Umsögn um 439. mál.**

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Fornleifaverndar ríkisins um frumvarp til laga um uppbyggingu á hluta Vestfjarðarvegar nr. 60. Í frumvarpinu er lagt til að vegur verði lagður frá Þórisstöðum í Þoskafirði, út með Þoskafirði vestanvert, um Teigsskóg og Hallsteinsnes, þvert yfir utanverðan Djúpafjörð vestur á Grónes og þaðan þvert yfir utanverðan Gufufjörð um Melsnes og vestur fyrir Kraká.

Það er í raun einungis 5. liður 2. gr. frumvarpsins sem snertir verksvið Fornleifaverndar ríkisins. Stofnunin gerir ekki athugasemd við þennan lið. Vegna eðlis framkvæmdarinnar sem frumvarpið fjallar um og þeirra áhrifa sem vegagerðin getur haft á fornleifar á umræddu svæði telur Fornleifavernd ríkisins þó brýnt að fjalla nánar um framkvæmdina sjálfa.

Árið 2005 lagði Vegagerðin fram skýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Vestfjarðarvegar nr. 60 milli Bjarkalundar og Eyrar í Reykhólahreppi. Frumvarpið sem nú liggur fyrir fjallar um þann hluta leiðarinnar sem Vegagerðin skilgreindi sem áfanga 2 í skýrslu sinni, leiðina milli Þórisstaða og Krakár. Á þessum áfanga leiðarinnar lagði Vegagerðin til þrjár mögulegar leiðir, leið B, leið C og leið D. Innan hverrar leiðar voru tveir til sex kostir á mismunandi legu vegarins.

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðarvegar milli Bjarkalundar og Eyrar með bréfi dags. 29. des. 2005. Texti umsagnarinnar fylgir hér með sem fylgiskjal. Fornleifavernd ríkisins setti fram kröfur um ýmis konar mótvægisaðgerðir vegna fornleifa í og í nágrenni þeirra valkosta á veglínum sem Vegagerðin lagði fram. Einnig var talið að grípa þyrfti til mótvægisaðgerða vegna fyrirhugaðra efnistökusvæða á þessum áfanga. Fornleifavernd ríkisins vill sérstaklega vekja athygli á þeim hluta umsagnarinnar þar sem fjallað er um friðlýstar fornleifar í Teigsskógi og um skráningu fornleifa í skóginum. Í umsögninni segir: BA-48:31. Grímkelsstaðir. *"Grímkelsstaðaá er á merkjum móti Hallsteinsnesi. innan við ána eru bæjarrústir mjög fornar og grasi grónar. Þær eru við veginn út að Hallsteinsnesi, upp undir Horninu. Voru þetta taldar rústir Grímkelsstaða, en þær eru sagðar kenndar við Grímkei, launson Hallsteins á Hallsteinsnesi. Fyrir nokkrum árum, líklega 1974-1975 (a.m.k. eftir 1970) kom mikill maðkur í skóginn innan til við Grímkelsstaðaá, svo að hann eyddist og fór í fauska. Þá kom í ljós graslendi, töðutún, og talsvert greinilegar tóftir, sem lækur rennur hjá. Tóftirnar eru beggja megin við lækinn og eins og vað á honum þar. Þessar tóftir eru niður undir Akranesi, og lækurinn rennur ofan í Akraneshvamminn.*

*Þetta getur hafa verið Grímkelsstaðir." [Örnefnaskrá Grafar] "Líklega eru þarna ekki færri en 8 tóftarbrot, jafnvel fleiri og sumar mjög greinilegar, en vegna þess að svæðið er sums staðar nokkuð þýft er erfiðara að greina þær innan um kalið og hálffallnar skógarhrísiur. Húsakynni þessi hafa yfirleitt verið lítil að flatarmáli, utanmál aiia jafna á milli 5 - 8 metrar á kannt." [Breiðfirðingur].* Árið 1989 friðlýsti þjóðminjavörður rústir Grímkelsstaða, túnstæði og fornt akurgerði í landi Grafar. Á friðlýsingarskjalinu er skilgreint yfir hvað friðlýsingin nær. Þar stendur: „1. Rústir fornbæjarins Grímkelsstaða fast innan við Grímkelsstaðaá niðri undir sjó. Túnstæðið er milli Akranesmels og Grímkelsstaðaár og eru bæjarrústirnar innan túngarðsins. 2. Fornt akurgerði í Akraneshvammi milli Akraness og Grímkelsstaðaár." Í 11. gr. þjóðminjalaga (Nr. 107/2001) er fjallað um friðlýsingar sem nú eru í höndum Fornleifaverndar ríkisins. Þar segir m.a.: „Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram." Í skráningarskýrslu Ragnars Edvardssonar er aðstæðum við Grímkelsstaði lýst svo: *Í u.þ.b. 1,5 km suðvestur af bæjarstæði Grafar eru rústir í skóginum. Þessar rústir eru rétt norðan við vegslóðann sem liggur frá Gröf og vestur eftir Hallsteinsnesinu. Rústirnar eru vel grónar og sést móta fyrir nokkrum þústum og sennilega túngarði (BA-48:031). Talið er að þetta séu rústir landnámsbýlisins Grímkelsstaða. Rústirnar eru á friðlýsingarskrá og hefur friðlýsingarskilti verið sett við minjarnar. Þessi minjastaður er rétt norðan við tilvonandi vegstæði og er í stórhættu vegna framkvæmdanna (varúðarsvæði 1). Minjastaðurinn er nær neðri-kosti en efri kosti.*

Eins og sést á umfjölluninni hér að ofan þá hafa rústir Grímkelsstaða og aðrar fornleifar sem friðlýstar eru á svæðinu ekki verið skráðar nákvæmlega. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur skrifaði Vegagerðinni á Ísafirði bréf 20. júlí 2004 vegna vanda við skráningu fornleifa í Teigsskógi. Í bréfinu segir m.a.: „Við fornleifakönnun í Teigsskógi í Reykhólahreppi vegna hugsanlegrar vegagerðar um nesið, hafa komið fram vandamál. Svæðið er vaxið mjög þéttum birkiskógi sem er nær ógerningur að komast í gegnum og engin leið að sjá hvort einhverjar fornleifar leynist í skóginum. Nokkrar fornleifar hafa fundist bæði inni í og svo fyrir ofan og neðan skóginn. Inni í skóginum nálægt bænum Gröf er gamalt bæjarstæði, Grímkelsstaðir og eru þær rústir friðlýstar. Fyrir ofan skóginn utarlega á nesinu eru selja- eða bæjarrústir sem kallaðar eru Flókavellir og þar sjást talsverðar rústir. Ofarlega í skóginum er gamla bæjarleiðin á milli Grafar og Hallsteinsness og sést hún á nokkrum stöðum en er horfin að mestu í skógarþykknið. Á nokkrum stöðum við sjóinn sést móta fyrir görðum sem snúa norður/suður. Þessir garðar fara inn í skógarþykknið og er ekki hægt að sjá hvar þeir enda." Fornleifavernd ríkisins barst síðan bréf dags. 30. ágúst 2004. Þar segir m.a.: „Óskað er eftir því að Fornleifavernd ríkisins taki tillit til þeirra vandamála sem tilgreind eru í bréfi til Vegagerðarinnar og að ekki verði farið í frekari fornleifaskráningu á hugsanlegu framkvæmdarsvæði fyrr en ljóst er hvort komi til vegagerðar. Ef til vegagerðar kemur að þá fari fram nákvæm fornleifaskráning í og við vegstæðið." Fornleifavernd ríkisins féllst á að fresta fornleifaskráningu í Teigsskógi þar til ákveðið hefði verið hvort vegurinn yrði lagður um þetta svæði og hvaða kostur veglínu yrði fyrir valinu. Hér er mönnum þó nokkur vandi á höndum því fornleifar á svæðinu hljóta m.a. að ráða endanlegu vali á legu vegstæðisins. Það er t.d. ljóst að þjóðminjalög kveða á um að þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa. Fornleifavernd ríkisins getur ekki fallist á að friðlýstum fornleifum verði raskað vegna vegagerðarinnar né að vegur verði lagður innan friðhelgaðs svæðis þeirra eins og það er skilgreint í lögum.

Fornleifvernd ríkisins vekur einnig athygli á því sem kemur fram í niðurstöðukafla umsagnarinnar. Þar segir á einum stað: Framsetning leiða og mismunandi kosta hverrar leiðar er með óvenjulegum hætti í matsskýrslu. Kostirnir eru allt að því sex á einstaka stöðum en eru dregnir saman í tvo eða þrjá í umfjölluninni í skýrslunni. Í fornleifaskráningarskýrslu og matsskýrslu er síðan talað um fjarlægðir fornleifa frá kostunum samandregnum en ekki frá vegkostunum hverjum fyrir sig. Þetta veldur að sjálfsögðu ónákvæmni í mati á hver áhrif einstakra kosta kunni að verða á fornleifar. Í skráningarskýrslu og matsskýrslu eru oft ekki gefin upp nákvæm fjarlægð fornleifa frá veglínu heldur sagt að fornleifar séu á varðúðarsvæði 1, 2 eða 3. Fornleifar á varúðarsvæði 1 skv. þessari

skilgreiningu eru í 0-60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Veldur þetta stundum vankvæðum fyrir Fornleifavernd ríkisins að kveða á um til hvaða mótvægisaðgerða beri að grípa. Sem dæmi má nefna Gróuhól, dys Gróu landnámskonu, sem sagður er í 0-60 m fjarlægð frá ysta kosti leiðar B um Grónes. Ef hóllinn er í meira en 20 m fjarlægð frá vegstæðinu telur Fornleifavernd ríkisins að unnt ætti að vera að forða honum frá raski með merkingum á meðan á framkvæmdum stendur. Þetta væri auðvitað æskilegasta lausnin. Vegna ónákvæmi sem felst í þeim upplýsingum að hóllinn sé í 0-60 m fjarlægð frá vegstæðinu er þó ekki hægt að kveða upp úr um þetta og því verður Fornleifavernd ríkisins að setja þann varnagla að mögulega þurfi að rannsaka dysina. Þrátt fyrir þessa óvissu telur Fornleifavernd ríkisins að unnt sé að gefa vísbendingu um hvaða kostir eru bestir og verstir á hverri leið með tilliti til áhrifa þeirra á fornleifar. Þegar lega vegstæðisins hefur verið valin er nauðsynlegt að gerð verði ný úttekt á staðsetningu fornleifa í nágrenni þess svo að hægt sé að kveða upp úr um það til hvaða mótvægisaðgerða skuli gripið.

Og nokkru síðar í niðurstöðukaflanum má lesa þetta: Eins og áður er fram komið er talsverð óvissa ríkjandi varðandi fjarlægð fornleifa frá einstaka vegkostum. Það að mismunandi kostir leiða séu dregnir saman í færri kosti, eins og t.d. sex kostir leiðar B frá Þórisstöðum að Hallsteinsnesi í þrjá kosti (efri-, neðri- og fjörukost) og oft á tíðum ónákvæm staðsetning fornleifa miðað við vegkosti, sagðar í 0-60 m fjarlægð eða 60-100 m fjarlægð, leiðir til þess að ekki er hægt að líta á þessa umsögn Fornleifaverndar ríkisins sem endanlega. Þegar endanlegt leiðarval hefur farið fram mun stofnunin þurfa að fá þá tillögu til umsagnar ásamt nákvæmri afstöðu leiðarinnar til fornleifa til að geta sagt til um hver áhrif vegagerðin muni hafa á fornleifar og til hvaða mótvægisaðgerða beri að grípa.

Í 2. gr. Frumvarpsins, lið 5, segir að vegna áhrifa framkvæmdanna á menningarminjar skuli framkvæmdaraðili merkja og greina Fornleifavernd ríkins frá fornminjum við vegstæðið. Framkvæmdaraðili skuli hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um nánari útfærslu á staðsetningu vegstæðisins.

FVR vekur athygli á að enn er nokkur vinna óunnin við skráningu fornleifa á leið B sbr. hér að ofan. Ef lagt verður í vegagerð á þessu svæði þarf að velja vegstæði sem ekki liggur of nærri friðlýstu fornleifunum í Teigsskógi. Ljúka þarf við fornleifaskráningu á svæðinu og meta áhrif fyrirhugaðrar vegagerðar á fornleifar. Fornleifavernd ríkisins mun þá kveða upp úr um til hvaða mótvægisaðgerða beri að grípa. Einnig þarf að uppfylla aðrar kröfur, sem settar voru fram í umsögn Fornleifaverndar ríkisins um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, vegna fornleifa á leið B.

Virðingarfyllst,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins

Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður

Kristinn Magnússon
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegur 166
150 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinn@fornleifavernd.is

Reykjavík 29. desember 2005
*Tilvísun: Fvr 2002120018 /KM*

**Efni: Vestfjarðarvegur nr. 60. Bjarkarlundur - Eyri, Reykhólahreppi.**

Fornleifavernd ríksins hefur móttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 4. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsög um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Með bréfinu fylgdi matsskýrsla og skýrsla Ragnars Edvardssonar fornleifafræðings: *Fornleifaskráning í Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. Vegna ný- og endurlagningar Vestfjarðarvegar nr. 60.* Stuðst er við upplýsingar úr þessum skýrslum í þessari umsögn.

Í skýrslunni þar sem gerð er grein fyrir skráningu fornleifa kemur fram að verkinu hafi verið skipt í tvo áfanga. Í fyrri áfanganum var leitað heimilda um fornminjar á svæðinu og í seinni áfanganum var farið á vettvang og leitað að fornleifum í og við tilvonandi vegastæði. Heimildir fundust um 529 minjastaði á svæðinu en við vettvangskönnun voru 92 fornleifar skráðar. Allar fornleifar sem fundust við vettvangskönnunina voru teiknaðar upp, mældar og staðsettar með GPS staðsetningartæki. Því miður er framsetning niðurstaðna úr fornleifaskráningunni í skýrslunni ekki eins og best verður á kosið. Þar eru birtar niðurstöður úr heimildaöflun, sett inn GPS staðsetning og örstutt lýsing á rústunum og staðsetningu þeirra. Engar teikningar eru af rústum. Ekki verður þó sett út á umfjöllun í skýrslunni um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar.

Í matsskýrslu er framkvæmdinni skipt í 3 áfanga. Líkt og í matsskýrslu og skýrslunni um fornleifaskráninguna verður hér fjallað um hvern áfanga fyrir sig. Skáletraður texti í umsögninni er úr skárningarskýrslunni.

Áfangi 1. Þorskafjörður er innan þessa áfanga. Tvær leiðir eru lagðar fram til athugunar, annars vegar að fara fyrir Þorskafjörð og hins vegar að fara yfir fjörðin. Tveir minjastaðir eru í landi Kinnarstaða, austan megin Þorskafjarðar, Kinnarstaðarrétt og nátthagi. Á þessum hluta leiðarinnar mun núverandi vegur verða notaður hvort sem farið er fyrir eða yfir Þorskafjörð.

Réttin er u.þ.b. 116 m frá þjóðveginum og ætti því ekki að vera í hættu. Í nátthaganum er stekkjartóft:

**BA-43:030.** *"Nátthagi. Í honum miðjum er smáhóll og á honum eru stekkjartóftir. Nátthaginn er stór. Hann er byggður utan um stekkinn, eftir að hætt var að stía. Fast fyrir vestan nátthagann á fallegri grund eru stekkjartóftir, á köflum reisulegar, af því veggir eru úr grjóti og sums staðar stórgrýti. Þessi stekkur er í hnitaskjóli fyrir sunnanátt undir stekkjarklettunum. Annars er Nátthaginn oft nefndur stekkur, og er Nátthaginn í hnitaskjóli fyrir öllum áttum nema vesturátt." [Örnefnaskrá Kinnarstaða]. Farið er eftir þjóðveginum í átt að Þorskafirði. U.þ.b. 600 metrum eftir að farið er framhjá afleggjaranum að Kinnarstöðum er stór grjót/torfhlaðin rúst, norðan við þjóðveginn. Rústin er 11 m norður af þjóðveginum og er 57x8 metrar að ummáli.* Ef kemur til viðgerða eða endurbót á veginum þarf að taka tillit til rústarinnar í nátthaganum. Ef ekki verður komist hjá raski á henni þarf að rannsaka hana.

Þorskarfjarðarþingstaður er í landi Skóga. Þar eru talsverðar búðartóftir og eru þær friðlýstar. Staðurinn er utan framkvæmdasvæðis vegarins og ekki í hættu. Vestan Þorskafjarðar liggur núverandi vegur í gegnum túnastæði Múla. Þar eru tvær rústir:

**BA-46:20.** *Þegar komið er eftir þjóðveginum er afleggjarinn að Múla norðan þjóðvegarins. Sunnan við afleggjarann er rúst af fjárhúsi.* Ef kemur til viðgerða eða endurbót á veginum á þessum stað þarf að taka tillit til rústarinnar. Ef ekki verður komist hjá raski á henni þarf að rannsaka hana.

**BA-46:21.** *Rétt sunnan við rúst af fjárhúsi (nr. 20) er hóll sem að öllum líkindum er leifar byggingar.* Ef kemur til viðgerða eða endurbót á veginum á þessum stað þarf að taka tillit til rústarinnar. Ef ekki verður komist hjá raski á henni þarf að rannsaka hana.

Bæjarstæði Hjalla er um 116 metra norðvestur af þjóðveginum og því ekki í hættu þó komi til framkvæmda við endurbætur á þjóðveginum. Rétt er þó að gera verktökum grein fyrir tilvist þess til að forðast rask af vangá.

Í landi Þórisstaða þarf að taka tillit til eftirtalinna fornleifa:

**BA-48:33.** Bæjarhóll. *"1805 eru eyðijarðirnar Þórisstaðir og Krínkilstaðir hafðar til beitar." [Johnsen] "Þórisstaðir er næstaustasta jörð í Gufudalssveit. Bærinn er í hlíðinni, er hallar austur til Þorskafjarðar. Jörðin dregur nafn af Gull-Þóri, er hér bjó, sbr. Þorskfirðinga sögu. Ekki er svo getið byggðar hér um langan aldur, en 1703 (?) er þetta talið gamalt eyðibýli, sem þó beri greinileg merki um byggð. Síðan er jörðin aftur byggð um miðja 19. öld." [Örnefnaskrá Þórisstaða].... Rétt áður en komið er að þeim stað þar sem þjóðvegurinn beygir upp hálsinn á milli Þorskafjarðar og Djúpafjarðar er bæjarstæði Þórisstaða. Bæjarstæðið er í u.þ.b. 60 m vestur af miðlínu þjóðvegarins. Ekki sést til fornleifa.* Ef kemur til viðgerða eða endurbót á veginum á þessum stað þarf að gæta að því að ekki sé farið of nálægt bæjarstæðinu.

**BA-48:62.** *Túngarður. Túngarður hlaðinn úr torfi og grjóti er sýnilegur bæði vestan og sunnan megin við bæjarstæðið. Túngarðurinn nær niður fyrir þjóðveg og hverfur svo.* Túngarðurinn hefur verið skemmdur þegar núverandi vegur var lagður. Komi til frekari röskunar á garðinum hvort sem farið verður fyrir eða yfir fjörðinn þarf að rannsaka túngarðinn.

**BA-48:63.** *Í u.þ.b. 50 m vestur af bæjarstæðinu er lítil torfhlaðin ferhyrnd rúst sem stendur við túngarðinn vestanmegin.* Rústin er í u.þ.b. 84 metra fjarlægð frá veglínu. Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist rústarinnar til að forðast að henni verði raskað af vangá.

**BA-48:64.** *Í u.þ.b. 60 m suðaustur af þjóðveginum, sunnan megin við bæjarstæði Þórisstaða er lítil ferhyrnd rúst. Rústin er hlaðin úr torfi og grjóti, 5x6 m að ummáli.* Rústin er um 60 metrum austan við veglínuna. Merkja þarf rústina á meðan á framkvæmdum stendur til að forðast að henni verði raskað af vangá.

Áfangi 2. Þessi áfangi nær yfir svæðið frá Þórisstöðum við Þorskafjörð að Melanesi vestan Gufufjarðar. Í áfanga 2 eru lagðar til þrjár leiðir, leið B, C og D. Innan hverrar leiðar eru lagðir fram allt frá tveimur og upp í sex kostir á legu leiðanna.
Leið B, frá Þórisstöðum að Hallsteinsnesi. Á þessum kafla eru lagðir fram sex kostir. Í matsskýrslu eru kostirnir dregnir saman og fjallað um fjörukost, neðri-kost (vegur í 24 – 40 m hæð) og efri-kost (vegur í 50 - 70 m hæð). Fjörukosturinn er einungis lagður fram til samanburðar. Í fornleifaskráningarskýrslunni er ekki fjallað um fjörukostinn og því getur Fornleifavernd ekki lagt mat á hann með tilliti til fornleifa.

Fornleifar við efri-kost leiðar B frá Þórisstöðum að Hallsteinsnesi:
**BA-48:01.** Gröf. Bæjarhóll. *"Gamli bærinn stóð á Bæjarhól. Enn neðar er álíka hóll, með brekku móti austri, sem nefndur er Smiðjuhóll. Út og niður í túninu, talið frá gamla bænum hafa verið bænahús. Markaði þar fyrir garðlagi. Frá Smiðjuhól og að hesthúsatóft, sem var neðst í túninu, var Smiðjuvöllur, og samhliða honum, heldur neðar, var túnstykki, sem metið var á tuttugu álnir og nefnt var Fimmauri."[Örnefnaskrá Grafar]..... Gamli bærinn stóð vestar en núverandi íbúðarhús. Hann hefur verið rifinn og sléttað yfir staðinn. Sést ekki til fornleifa.* Í skráningarskýrslunni segir að gamla bæjarstæði Grafar hafi staðið rétt norðan við núverandi íbúðarhús og að það sé innan við 60 m frá vegstæðinu miðaða við efri-kost. Þótt sléttað hafi verið yfir bæjarstæðið er mjög sennilegt að undir sverðinum leynist mannvistarleifar. Vegna óvissu um fjarlægð bæjarstæðisins frá veginum telur Fornleifavernd ríkisins nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit á staðnum meðan á framkvæmdum stendur.
**BA-48:66.** *Í u.þ.b. 350 metra suður af bæjarstæði Þórisstaða er ferhyrnd rúst og er hún á svæði þar sem að leiðir D og B/F skarast. Þessi rúst er sjávarmegin við núverandi vegstæði. Rústin er 15x10 m að ummáli.* Rústin er innan 20 m frá veglínu B. Miklar líkur eru á að hún raskist vegna framkvæmdanna og því nauðsynlegt að rannsaka hana með fornleifauppgreftri.
**BA-48:54.** *Nr. 8 á túnakorti. Í u.þ.b. 200 m frá íbúðarhúsinu í norðvesturátt. Ferhyrnd rúst, 10x10 m að ummáli. Hleðslur standa grónar.* Í skráningarskýrslunni segir að rústin sé meira en 60 m og minna en 100 m fjarlægð frá vegstæðinu. Rústina þarf að merkja greinilega á meðan á framkvæmdum stendur til að forðast að henni verði raskað af vangá.
**BA-48:55.** *Nr. 9 á túnakorti. Í u.þ.b. 22 m norðvestur af nr. 54. Rústin er ferhyrnd og þríhólfa, 10x8 m að ummáli.* Í skráningaskýrslunni segir að rústin sé meira en 60 m og minna en 100 m fjarlægð frá vegstæðinu. Rústina þarf að merkja greinilega á meðan á framkvæmdum stendur til að forðast að henni verði raskað af vangá.
**BA-48:56.** *Nr. 10 á túnakorti. Í u.þ.b. 40 m norðvestur af 55. Rústin er ferhyrnd og þríhólfa, 24x6 m að ummáli. Hleðslur standa grónar og er hleðsluhæð um 1 m.* Í skráningarskýrslunni segir að rústin sé meira en 60 m og minna en 100 m fjarlægð frá vegstæðinu. Rústina þarf að merkja greinilega á meðan á framkvæmdum stendur til að forðast að henni verði raskað af vangá.
**BA-48:67.** *Í u.þ.b. 290 m í norður frá bæjarstæðinu. Rústin er ferhyrnd og þríhólfa 5x6 m að ummáli. Hleðslur standa grónar í u.þ.b. 40 cm hæð.* Í skráningarskýrslunni segir að rústin sé meira en 60 m og minna en 100 m fjarlægð frá vegstæðinu. Rústina þarf að merkja greinilega á

meðan á framkvæmdum stendur til að forðast að henni verði raskað af vangá.

**BA-48:76.** *Suðvestur af nr 75, í u.þ.b. 70 m fjarlægð. Sennilega er hér um að ræða heygarð.* Í skráningarskýrslunni segir að rústin sé meira en 60 m og minna en 100 m fjarlægð frá vegstæðinu. Rústina þarf að merkja greinilega á meðan á framkvæmdum stendur til að forðast að henni verði raskað af vangá.

**BA-48:69.** Rétt. *Í u.þ.b. 285 m í suðvestur frá bæjarstæðinu. Grjóthlaðin rétt og mynda klettar nyrðri vegg hennar. Austur og vestur veggir eru hlaðnir úr grjóti og er inngangur sunnanmegin. 17x8 m að ummáli.* Réttin er sögð vera í innan við 60 m fjarlægð frá efri kosti veglínunnar. Ef réttin er í það litilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að mæla hana nákvæmlega upp og teikna hana. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-48:24.** Miðgötur. *"Nokkuð neðan við Krókholt eru Hærri-Ferðamannagötur og Lægri-Ferðamannagötur. Þessar götur eru samhliða. Hærri-Ferðamannagötur voru líka nefndar Miðgötur og hinar Neðrigötur. Miðgötur voru fyrir þá, sem komu að Gröf og voru gangandi, Neðrigötur fyrir þá, sem fóru lengra og komu ekki við. Fjárgötur (sjá síðar) voru ofar. Allt svæðið milli gatna frá Kerlingargili og heim að bæ er skógur og melur. Nýi vegurinn liggur um Neðrigöturnar." [Örnefnaskrá Grafar]* Um götuna segir höfundur skráningarskýrslunnar: *Eftir endilöngu nesinu frá Hallsteinsnesi og að Gröf lá gamla bæjarleiðin (BA-48:24) milli bæjanna tveggja. Þessi leið er greinileg á nokkrum stöðum þá sérstaklega Hallsteinsnesmegin en hverfur svo í skóginn er nær dregur Gröf. Leiðin er í hættu vegna framkvæmdanna...* Götuna þarf að staðsetja með GPS mælingu og færa inn á loftmynd eða kort.

**BA-49:03.** Flókavellir. *"Selið var býli, sem hét að fornu Flókavellir. Á Flókavöllum var haft í seli um síðustu aldamót, og þar höfðir sauðir á vetrum og látnir liggja fyrir opnu húsi, sem allalgengt var með sauði. Þá bjó á Hallsteinsnesi Jóhann Frímann, faðir Gísla skipasmiðs á Bíldudal. Um 1880 hokruðu gömul hjón á Flókavöllum, Þorbjörg Einarsdóttir, langamma mín, og hennar maður, Björn Jónsson. Búskaparsaga þeirra var mjög stutt þarna" [Örnefnaskrá Hallsteinsness] "Flókastader, Fornt eyðiból hjer í landinu á hlíðinni við Þorskafjörð, þar sem venjulega hefur brúkast selstaða frá jörðunni, og eru þar sýnileg byggingamerki af tóftarústum og byggingaleifum, en þó hefur þetta eyðiból ekki byggt hafa verið í 200 ár eður lengur. Ekki þykir mönnum líklegt að þetta megi byggjast, því túnstæði er mjög lítið, og heyskapur í sama máta þar nálægt nærri enginn" [Á.M. VI.bindi, bls. 219]* Í skráningarskýrslunni segir einnig um Flókavelli: *Í u.þ.b. 3 km vestur af Gröf, svo til miðja vegu milli Hallsteinsnes og Grafar, eru nokkrar rústir. Rústirnar eru rétt undir fjallshlíðinni og samkvæmt heimildum eru þetta rústir Flókavalla. Rústirnar samanstanda af tveimur byggingum (BA-49:003) og einum grjóthlöðnum túngarði sem umlykur byggingarnar (BA-49:80). Þessi mannvirki eru í u.þ.b. 30 m fjarlægð frá vegstæðinu og í hættu vegna framkvæmdanna (varúðarsvæði 1) miðað við efri-kost...* Ekki er fullljóst hvort það er túngarðurinn sem er í 30 m fjarlægð frá vegstæðinu eða rústir bygginganna og túngarðurinn þá væntanlega mun nær. Séu allar fornleifarnar í 30 m fjarlægð eða meira frá vegstæðinu þarf að afmarka bæjarstæði Flókavalla í heild sinni með merkjum á meðan á framkvæmdum stendur. Sé hætta á að framkvæmdir við vegagerðnina raski leifum bæjarins kann að þurfa að rannsaka minjarnar að hluta eða fullu áður en framkvæmdir hefjast.

**BA-49:71.** Túngarður. *Gengið er í vestsuðvestur átt frá bæjarstæðinu og er gömlu götunum efst undir fjallinu fylgt. Í u.þ.b. 700 metra fjarlægð frá bæjarstæðinu, suður af götunum, standa*

*rústir umkringdar garðlagi (Fornleif nr. 10 stendur innan garðsins). Þýft og gróið svæði. Garðurinn er gróinn og hruninn á mörgum stöðum.* Túngarðurinn er mitt á milli efri- og neðri-kosts í 80-100 m fjarlægð. Merkja þarf túngarðinn á meðan á framkvæmdum stendur til að forðast að hann raskist af vangá.

**BA-49:72.** Tóft. *Gengið er í vestsuðvestur átt frá bæjarstæðinu og er gömlu götunum efst undir fjallinu fylgt. Í u.þ.b. 700 metra fjarlægð frá bæjarstæðinu, suður af götunum, standa rústir umkringdar garðlagi (Fornleif nr. 72 stendur nyrst innan túngarðsins). Þýft og gróið svæði. Rústin er ferhyrnd og myndar túngarðurinn einn hluta hennar.* Tóftin er mitt á milli efri- og neðri-kostsins, í 80-100 m fjarlægð frá vegstæðunum. Merkja þarf tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

**BA-49:73.** Vörður. *Í u.þ.b. 490 metra suðvestur af bæjarstæðinu á litlum hól. Klappir í miðjum lynggrónu svæði. Tvær vörður standa með 4 metra millibili og eru báðar jafnstórar.* Vörðurnar eru í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu og ættu því ekki að vera í hættu vegna framkvæmdanna. Til að tryggja öryggi þeirra telur Fornleifavernd ríkisins rétt að verktökum verði kynnt tilvist varðanna.

**BA-49:74.** Vörður. *Í u.þ.b. 290 metra suðaustur af bænum. Lyng gróið svæði. Tvær vörður standa með stuttu millibili og eru báðar jafnstórar.* Í töflu 2 á bls. 92 í skráningarskýrslu kemur fram að vörðurnar séu í minna en 60 m fjarlægð frá vegstæði (efti-kosti) en í texta á sömu blaðsíðu eru þær taldar upp í hópi fornleifa sem eru í meira en 60 m frjarlægð frá vegstæðinu. Til að tryggja öryggi þeirra telur Fornleifavernd ríkisins rétt að verktökum verði kynnt tilvist varðanna.

**BA-49:10.** Stekkur. *"Utan við Þórðarhornið kemur lækur niður hlíðina, sem heitir Þórðarhornslækur og rennur í Hliðhamarsvíkina utanverða. Neðan við Stekkjarhlíðina er gamall stekkur yst undir hlíðinni og eru rústir hans greinilegar. Kringum þær er Stekkjartún með vallgrónum túngarði." [Örnefnaskrá Hallsteinsness] Gengið er í vestsuðvestur átt frá bæjarstæðinu og er gömlu götunum efst undir fjallinu fylgt. Í u.þ.b. 700 metra fjarlægð frá bæjarstæðinu, suður af götunum, standa rústir umkringdar garðlagi (Fornleif nr. 10 stendur innan garðsins).* Stekkurinn er mitt á milli efri- og neðri-kostsins, í 80-100 m fjarlægð frá vegstæðunum. Merkja þarf stekkinn á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.

**BA-49:80.** Túngarður. *Farið er að Flókavöllum og utan um gamla bæjarstæðið er grjóthlaðinn túngarður.* Sjá umfjöllun um túngarðinn undir BA-49:03 hér að ofan.

**BA-49:70.** Varða. *Varðan stendur í u.þ.b. 270 metra í suðvestur frá bæjarstæðinu. Lynggróin brekka við fornar götur. Varðan er ferhyrnd og hlaðin úr stóru grjóti.* Varðan er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu og ætti því ekki að vera í hættu vegna framkvæmdanna. Til að tryggja öryggi hennar telur Fornleifavernd ríkisins rétt að verktökum verði kynnt tilvist vörðunnar.

**BA-49:53.** Hólhús. *"Yfir Bæjarlækinn sunnan og neðan við bæinn er Brunnhús. Við það er kennd slétta í túninu þar fyrir neðan, nefnd Brunnhúsflöt. Rétt ofan við Brunnhús stóð Kúahlaðan, en nokkru nær bæ Fjósið. Þar aðeins neðar matjurtargarður, jafnan nefndur Kálgarður, og neðan hans Fjósflöt. Skammt ofan Kúahlöðu þar á hólhrygg stóð fjárhús, svonefnt Hólhús. Sunnan og ofan Hólhúss er raklendi mikið, nefnd Mýrin. Frá Kvíabóli og suður og upp af fjárrétt nefnist allur hlíðarfóturinn ofar túni Brekkan, jafnan góður bithagi stórgripa; þar var Stöðullinn." [Örnefnaskrá Hallsteinsness]* Hólshús eru í 60-100 m fjarlægð frá vegstæðinu. Af skráningarskýrslunni virðist mega ráða að leifar Hólhúss séu ekki sýnilegar á yfirborði. Vel getur þó verið að leifar hússins leynist undir sverðinum. Gera þarf verktökum

grein fyrir þessu svo að ekki verði farið að hróflað við staðnum af vangá.

Fornleifar við neðri-kost leiðar B frá Þórisstöðum að Hallsteinsnesi:
**BA-48:01.** Gröf. Bæjarhóll. Sjá umfjöllun hér að ofan. Í skráningarskýrslunni segir að gamla bæjarstæði Grafar hafi staðið rétt norðan við núverandi íbúðarhús og að það sé í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu miðaða við neðri-kost. Þótt sléttað hafi verið yfir bæjarstæðið er mjög sennilegt að undir sverðinum leynist mannvistarleifar. Gera þarf verktökum grein fyrir þessu svo að ekki verði farið að hróflað við staðnum af vangá.
**BA-48:66.** Rúst. *Í u.þ.b. 350 metra suður af bæjarstæði Þórisstaða er ferhyrnd rúst og er hún á svæði þar sem að leiðir D og B/F skarast. Þessi rúst er sjávarmegin við núverandi vegstæði. Rústin er 15x10 m að ummáli.* Í skárningarskýrslunni er rústin sögð vera í innan við 20 m fjarlægð frá veglínu **B**. Í töflu 2 á bls. 92 er rústin sett í reit sem gefur til kynna að hún sé í meira en 60 m fjarlægð frá neðri-kosti leiðar **B**. Ekki verður þó annað séð en að efri- og neðri-kostur leiðar B liggi í sömu línu á þessum stað. Sé gengið út frá því eru miklar líkur á að rústin raskist vegna framkvæmdanna og því nauðsynlegt að rannsaka hana með fornleifauppgreftri.
**BA-48:70.** Kálgarður. *Í u.þ.b. 131 m suður af bæjarstæðinu, rétt við vegslóða sem liggur út á Hallsteinsnes. Sennilega er hér um að ræða leifar kálgarðs.* Kálgarðurinn er sagður vera í innan við 60 m fjarlægð frá neðri- kosti veglínunnar. Ef kálgarðurinn er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hann raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að grafa könnunarskurð í garðinn til að kanna gerð hans og aldur. Annars þarf að merkja hann greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.
**BA-48:73.** Byrgi. *Svo til beint upp af tanganum þar sem skothúsið stendur, um 140 m suðaustur af vegslóðanum sem liggur út á Hallsteinsnes.* Byrgið er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Gera þarf verktökum grein fyrir staðsetningu þess svo að það raskist ekki af vangá.
**BA-48:31.** Grímkelsstaðir. *"Grímkelsstaðaá er á merkjum móti Hallsteinsnesi. Innan við ána eru bæjarrústir mjög fornar og grasi grónar. Þær eru við veginn út að Hallsteinsnesi, upp undir Horninu. Voru þetta taldar rústir Grímkelsstaða, en þær eru sagðar kenndar við Grímkel, launson Hallsteins á Hallsteinsnesi. Fyrir nokkrum árum, líklega 1974-1975 (a.m.k. eftir 1970) kom mikill maðkur í skóginn innan til við Grímkelsstaðaá, svo að hann eyddist og fór í fauska. Þá kom í ljós graslendi, töðutún, og talsvert greinilegar tóftir, sem lækur rennur hjá. Tóftirnar eru beggja megin við lækinn og eins og vað á honum þar. Þessar tóftir eru niður undir Akranesi, og lækurinn rennur ofan í Akraneshvamminn. Þetta getur hafa verið Grímkelsstaðir." [Örnefnaskrá Grafar] "Líklega eru þarna ekki færri en 8 tóftarbrot, jafnvel fleiri og sumar mjög greinilegar, en vegna þess að svæðið er sums staðar nokkuð þýft er erfiðara að greina þær innan um kalið og hálffallnar skógarhríslur. Húsakynni þessi hafa yfirleitt verið lítil að flatarmáli, utanmál alla jafna á milli 5 – 8 metrar á kannt." [Breiðfirðingur].* Árið 1989 friðlýsti þjóðminjavörður rústir Grímkelsstaða, túnstæði og fornt akurgerði í landi Grafar. Á friðlýsingarskjalinu er skilgreint yfir hvað friðlýsingin nær. Þar stendur: „1. Rústir fornbæjarins Grímkelsstaða fast innan við Grímkelsstaðaá niðri undir sjó. Túnstæðið er milli Akranesmels og Grímkelsstaðaár og eru bæjarrústirnar innan túngarðsins. 2. Fornt akurgerði í Akraneshvammi milli Akraness og Grímkelsstaðaár." Í 11. gr. þjóðminjalaga (Nr. 107/2001) er fjallað um friðlýsingar sem nú eru í höndum Fornleifaverndar ríkisins. Þar segir m.a.: „Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og

staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram." Í skráningarskýrslu Ragnars Edvardssonar er aðstæðum við Grímkelsstaði lýst svo: *Í u.þ.b. 1,5 km suðvestur af bæjarstæði Grafar eru rústir í skóginum. Þessar rústir eru rétt norðan við vegslóðann sem liggur frá Gröf og vestur eftir Hallsteinsnesinu. Rústirnar eru vel grónar og sést móta fyrir nokkrum þústum og sennilega túngarði (BA-48:031). Talið er að þetta séu rústir landnámsbýlisins Grímkelsstaða. Rústirnar eru á friðlýsingarskrá og hefur friðlýsingarskilti verið sett við minjarnar. Þessi minjastaður er rétt norðan við tilvonandi vegstæði og er í stórhættu vegna framkvæmdanna (varúðarsvæði 1). Minjastaðurinn er nær neðri-kosti en efri kosti.*

Eins og sést á umfjölluninni hér að ofan þá hafa rústir Grímkelsstaða og aðrar fornleifar sem friðlýstar eru á svæðinu ekki verið skráðar nákvæmlega. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur skrifaði Vegagerðinni á Ísafirði bréf 20. júlí 2004 vegna vanda við skráningu fornleifa í Teigsskógi. Í bréfinu segir m.a.: „Við fornleifakönnun í Teigsskógi í Reykhólahreppi vegna hugsanlegrar vegagerðar um nesið, hafa komið fram vandamál. Svæðið er vaxið mjög þéttum birkiskógi sem er nær ógerningur að komast í gegnum og engin leið að sjá hvort einhverjar fornleifar leynist í skóginum. Nokkrar fornleifar hafa fundist bæði inni í og svo fyrir ofan og neðan skóginn. Inni í skóginum nálægt bænum Gröf er gamalt bæjarstæði, Grímkelsstaðir og eru þær rústir friðlýstar. Fyrir ofan skóginn utarlega á nesinu eru selja- eða bæjarrústir sem kallaðar eru Flókavellir og þar sjást talsverðar rústir. Ofarlega í skóginum er gamla bæjarleiðin á milli Grafar og Hallsteinsness og sést hún á nokkrum stöðum en er horfin að mestu í skógarþykknið. Á nokkrum stöðum við sjóinn sést móta fyrir görðum sem snúa norður/suður. Þessir garðar fara inn í skógarþykknið og er ekki hægt að sjá hvar þeir enda." Fornleifavernd ríkisins barst síðan bréf dags. 30. ágúst 2004. Þar segir m.a.: „Óskað er eftir því að Fornleifavernd ríkisins taki tillit til þeirra vandamála sem tilgreind eru í bréfi til Vegagerðarinnar og að ekki verði farið í frekari fornleifaskráningu á hugsanlegu framkvæmdarsvæði fyrr en ljóst er hvort komi til vegagerðar. Ef til vegagerðar kemur að þá fari fram nákvæm fornleifaskráning í og við vegstæðið."

Fornleifavernd ríkisins féllst á að fresta fornleifaskráningu í Teigsskógi þar til ákveðið hefði verið hvort vegurinn yrði lagður um þetta svæði og hvaða kostur veglínu yrði fyrir valinu. Hér er mönnum þó nokkur vandi á höndum því fornleifar á svæðinu hljóta m.a. að ráða endanlegu vali á legu vegstæðisins. Það er t.d. ljóst að þjóðminjalög kveða á um að þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa. Fornleifavernd ríkisins getur ekki fallist á að friðlýstum fornleifum verði raskað vegna vegagerðarinnar né að vegur verði lagður innan friðhelgaðs svæðis þeirra eins og það er skilgreint í lögum.

**BA-49:03.** Flókavellir. Sjá umfjöllun um staðinn ofar. Í skráningarskýrslunni segir um Flókavelli: *Í u.þ.b. 3 km vestur af Gröf, svo til miðja vegu milli Hallsteinsnes og Grafar, eru nokkrar rústir. Rústirnar eru rétt undir fjallshlíðinni og samkvæmt heimildum eru þetta rústir Flókavalla. Rústirnar samanstanda af tveimur byggingum (BA-49:003) og einum grjóthlöðnum túngarði sem umlykur byggingarnar (BA-49:80).* Mannvirkin eru í 60 til 100 m fjarlægð frá neðri-kosti leiðar B skv. töflu 2 í skráningarskýrslunni. Afmarka þarf bæjarstæði Flókavalla í

heild sinni með merkjum á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að minjarnar raskist af vangá.

**BA-49:71.** Túngarður. Sjá umfjöllun um túngarðinn ofar. Túngarðurinn er mitt á milli efri- og neðri-kosts í 80-100 m fjarlægð. Merkja þarf túngarðinn á meðan á framkvæmdum stendur til að forðast að hann raskist af vangá.

**BA-49:72.** Tóft. Sjá umfjöllun um tóftina ofar. Tóftin er mitt á milli efri- og neðri-kostsins, í 80-100 m fjarlægð frá vegstæðunum. Merkja þarf tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

**BA-49:73.** Vörður. *Í u.þ.b. 490 metra suðvestur af bæjarstæðinu á litlum hól. Klappir í miðjum lynggrónu svæði. Tvær vörður standa með 4 metra millibili og eru báðar jafnstórar.* Vörðurnar eru í minna en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Merkja þarf vörðurnar á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.

**BA-49:74.** Vörður. *Í u.þ.b. 290 metra suðaustur af bænum. Lyng gróið svæði. Tvær vörður standa með stuttu millibili og eru báðar jafnstórar.* Vörðurnar eru í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæði (neðri-kosti). Til að tryggja öryggi þeirra telur Fornleifavernd ríkisins rétt að verktökum verði kynnt tilvist varðanna.

**BA-49:10.** Stekkur. Sjá umfjöllun um stekkinn hér að framan. Stekkurinn er mitt á milli efri- og neðri-kostsins, í 80-100 m fjarlægð frá vegstæðunum. Merkja þarf stekkinn á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.

**BA-49:80.** Túngarður. *Farið er að Flókavöllum og utan um gamla bæjarstæðið er grjóthlaðinn túngarður.* Sjá umfjöllun um túngarðinn undir BA-49:03 hér að ofan.

**BA-49:76.** Naust. *Í u.þ.b. 470 m suðvestur af bænum við Skipatanga.* Naustið er sagt vera í innan við 60 m fjarlægð frá neðri- kosti veglínunnar. Ef naustið er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að það raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að kanna það með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja það greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

Leið B, þverun Djúpafjarðar. Á þessum kafla eru lagðir fram sex kostir sem gróflega er skipt í innsta-, milli- og ysta-kost. Kostirnir hafa mismunandi áhrif á fornleifar þegar kemur upp á Grónes. Í matsskýrslu og skráningarskýrslunni er einungis talað um innsta- og ystu-kosti á Grónesi.

Fornleifar við ystu-kosti leiðar B á Grónesi:

**BA-53:23.** Rúst. *Fyrir sunnan bæjarstæðið, undir brekku sunnan túnstæðisins, rétt fyrir ofan fjöru er þríhólfa rúst. Rústin er hlaðin úr torfi og grjóti og er 17x23 m að ummáli.* Skv. töflu 3 í skráningarskýrslunni er rústin í minna en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Ef rústin er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að kanna hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:06.** Naust. *"Út af Litlabergi er Naustahvammur, og þar utanvert er svo Skipatangi, og er þá komið fremst á Gróunesið. Næstur Naustahvammi er Torfhvammur." [Örnefnaskrá Gróuness]. Svo til beint í suðurátt frá bæjarstæðinu, yst á Gróunesinu sjálfu, um 300 m í suður. Tvö naust standa þar með litlu millibili. Annað er 10x5 m að utanmáli hitt 5x3 m. Bæði naustin eru útflött og vel gróin.* Skv. töflu 3 í skráningarskýrslunni eru naustin í minna en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Ef naustin eru í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að þau raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að kanna þau með

fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja þau greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:08.** Dys. *"Á bökkunum austur og niður af túninu er Gróuhóll, upp af Naustahvammi. Garðlag var kringum hólinn, sem veðrun og tímans tönn hefur nú að mestu numið brott." [Örnefnaskrá Gróuness]. "Gróuhóll er grafreitur Gróu landnámskonu, stór haugur og leiði í kring. Það er talið kristið fólk, af því að leiðin snúa þannig. Var eitt sinn grafið í hauginn, og áttu þá að hafa fundist auðæfi." [Viðbætur við Örnefnaskrá Gróuness].* Skv. töflu 3 í skráningarskýrslunni er dysin í minna en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Ef dysin er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að kanna hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:24.** Rúst. *Í u.þ.b. 192 m suður af bæjarstæðinu, syðst í túninu og austan við túngarðinn er óregluleg rúst.* Rústin er rétt sunnan túngarðs sem liggur umhverfis eyðibýlið Gróunes. Er um 100 m frá vegstæðinu miðað við ystu-kotina. Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist rústarinnar til að tryggja að hún raskist ekki af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:28.** Rúst. *Í suðausturátt frá bæjarstæðinu rétt fyrir ofan sjóinn og rétt við vegslóða sem liggur niður að sjó. Rústin er tvíhólfa og sennilega rústir af stekk.* Rústin er rétt sunnan túngarðs sem liggur umhverfis eyðibýlið Gróunes. Er um 100 m frá vegstæðinu miðað við ystu-kotina. Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist rústarinnar til að tryggja að hún raskist ekki af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:21.** Túngarður. *Austanmegin við bæjarstæðið sést móta fyrir túngarði sem liggur meðfram túninu í átt til sjávar. Garðurinn er um 170 m langur og endar við vegslóða sem liggur niður að sjó.* Túngarðurinn er sagður vera í 60-100 m fjarlægð frá ystu-kostum leiðar B. Merkja þarf túngarðinn til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

Fornleifar við innsta-kost leiðar B á Grónesi:

**BA-53:23.** Rúst. Sjá umfjöllun um rústina hér að ofan. Rústin er sögð vera í 60-100 m fjarlægð frá ystu-kostum leiðar B. Merkja þarf rústina til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:06.** Naust. Sjá umfjöllun um naustið hér að ofan. Naustið er sagt vera í 60-100 m fjarlægð frá ystu-kostum leiðar B. Merkja þarf naustið til að koma í veg fyrir að það raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:08.** Dys. Sjá umfjöllun um dysina hér að ofan. Dysin er sögð vera í 60-100 m fjarlægð frá ystu-kostum leiðar B. Merkja þarf dysina til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:24.** Rúst. Sjá umfjöllun um rústina hér að ofan. Skv. töflu 3 í skráningarskýrslunni er rústin í minna en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Ef rústin er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að kanna hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:28.** Rúst. Sjá umfjöllun um rústina hér að ofan. Skv. töflu 3 í skráningarskýrslunni er rústin í minna en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Ef rústin er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að kanna hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á

meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:21.** Túngarður. Sjá umfjöllun um túngarðinn hér að ofan. Innsti-kostur leiðar B á Grónesi sker túngarðinn. Grafa þarf könnunarskurð í túngarðinn áður en framkvæmdir hefjast til að afla upplýsinga um gerð hans og aldur.

Leið B og C. Við landtöku á Melanesi með þverun Gufufjarðar koma þrír kostir til greina. Leiðir B og C liggja saman á þessum kafla. Í skráningarskýrslunni er talað um efri- og neðri kost á þessum vegkafla.

Fornleifar við efri-kost leiðar B og C á Melanesi:

**BA-58:41.** Rústir. *Á Melanesi er gamall flugvöllur. Austan við flugvöllinn eru tvö túnstæði. Svo til mitt á milli þeirra mótar fyrir rústum. Ekki er alveg víst að hér sé um rústir að ræða.* Í umfjöllun um leið B og C í skárningarskýrslu segir: *Ein rúst (BA-58:41) er austast á Melanesi, ferhyrnd og er hún í jaðri nýræktar. Þessi rúst er á varúðarsvæði 2 (leið B og C), 70-90 m sama hvaða kostur verður valinn.* Rústina þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

**BA-58:39.** Fjárhús. *Í u.þ.b. 2 km norðaustur af bæjarstæðinu rétt áður en þjóðvegurinn beygir inn Gufufjörðinn. Þar norðan við þjóðveginn upp undir hlíðinni er ferhyrnd rúst, 17x13 m að utanmáli. Rústin er hlaðin úr torfi og grjóti. Rústin er um 70 m frá vegstæðinu.* Í umfjöllun um leið B og C í skráningarskýrslu segir að rústin sé í innan við 60 m fjarlægð frá efri-kosti leiðarinnar. Ef rústin er í það litilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að kanna hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-58:14.** Sel. *"Hún (Fagrahlíð) nær út að Kötlum, sem er rétt ofanvert við Selið. En það er í lægð utan við Melanesið, efst upp undir hlíðinni. Niður af Fögruhlíð er framhald af Börðunum, sem fyrr eru talin frá Rauðkuholti og að Kolholti. Kolholt er suðaustur af Selinu, rétt neðan við það, og liggur gatan yfir það. Nafnið Kolholt er þannig til komið eftir því sem Jón best veit, að þar var gert til kola eins og títt var áður fyrr. Beint niður af Kolholti, niður við sjóinn, heita kleifar. Niður við sjóinn er mjög gamalt sel, nefnt Sjávarsel. Það er fast við Krakána rétt áður en hún fellur í sjó. Þar eru mjög gamlar tættur." [Örnefnaskrá Kleifaness]* Selið er í meira en 100 m fjarlægð frá efri-kosti leiðarinnar. Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist rústarinnar til að tryggja að hún raskist ekki af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

Fornleifar við neðri-kost leiðar B og C á Melanesi:

**BA-58:41.** Rústir. *Á Melanesi er gamall flugvöllur. Austan við flugvöllinn eru tvö túnstæði. Svo til mitt á milli þeirra mótar fyrir rústum. Ekki er alveg víst að hér sé um rústir að ræða.* Í umfjöllun um leið B og C í skárningarskýrslu segir: *Ein rúst (BA-58:41) er austast á Melanesi, ferhyrnd og er hún í jaðri nýræktar. Þessi rúst er á varúðarsvæði 2 (leið B og C), 70-90 m sama hvaða kostur verður valinn.* Rústina þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

**BA-58:14.** Sel. Sjá umfjöllun um selið hér að ofan. Í umfjöllun um leið B og C í skráningarskýrslu segir að rústin sé í innan við 60 m fjarlægð frá neðri-kosti leiðarinnar. Ef rústin er í það litilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að kanna hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

Í skráningarskýrslu segir að heimildir hafi bent til þess að á Melanesi væru fleiri rústir en að þær hafi ekki fundist við vettvangskönnun. Ekki sé því hægt að útiloka að minjar komi í ljós við framkvæmdir á nesinu. Fornleifavernd ríkisins telur að þegar og ef framkvæmdir hefjast á þessu svæði verði fornleifafræðingur að vera þar til eftirlits.

Leið C. Leiðin er óbreytt frá núverandi vegi frá Þorskafirði yfir í Djúpafjörð. Frá Miðhúsum að Grónesi eru lagðir fram sex kostir sem gróflega er skipt í neðri- og efri-kost í matsskýrslu. Í umfjöllun um fornleifar er hins vegar ekki tekið tekið tillit til þessarar skiptingar heldur fjallað um leiðina eins og um einn kost væri að ræða. Í yfirskrift töflu 4 í skráningarskýrslunni (töflu 6.11 í matsskýrslu) segir að þar séu minjar innan 100 m frá mismunandi kostum á leið C. Í töflunni er fornleifum hins vegar raðað í tvo dálka eftir því hvort þeir eru í 0-60 m fjarlægð eða 60-100 m fjarlægð en ekki tilgreint í fjarlægð frá hvaða kosti verið er að miða við. Í matsskýrslu (kafla 3.5.3.2, bls. 51) kemur fram að Vegagerðin hafi valið svokallaðan neðri-kost. Fornleifavernd ríkisins gengur því út frá að miðað sé við þann kost.

Fornleifar við leið C á Hjallahálsi:
**BA-51:22.** Varða. *Þegar kemur yfir hálsinn ofan í Djúpafjörð stendur grjóthlaðin varða norðanmegin vegarins í u.þ.b. 58 metra frá vegstæðinu.* Í skráningarskýrslunni segir jafnframt: *Engar minjar fundust á Hjallahálsi fyrir utan eina vörðu sem er vestanmegin í hálsinum (BA-51:22). Varðan er grjóthlaðin um 1x1 metri að ummáli og er um 1 m metri á hæð.* Vörðuna þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Fornleifar við leið C frá Miðhúsum að Grónesi:
**BA-53:16.** *Farið er að sumarbústöðum Lanhelgisgæslunnar sem er austanmegin á Grónesi. Síðan er gengið eftir nesinu í u.þ.b. 1 km. Þar er lítil þúst sem mögulega er manngerð.* Þústin er í 60-80 m fjarlægð frá vegstæðinu. Hana þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
**BA-53:17.** Varða. *Gengið er út Grónesið frá sumarbústöðum Landhelgisgæslunnar, austanmegin. Í u.þ.b. 1,2 km fjarlægð frá sumarbústöðunum eru háir stapar sem sjást vel frá bústöðunum. Efst á þeim eru grjóthlaðnar vörður.* Vörðurnar eru er í 60-80 m fjarlægð frá vegstæðinu. Þær þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.
**BA-53:18.** Varða. *Haldið er áfram út nesið og í u.þ.b. 500 m fjarlægð frá stöpunum* (sjá BA-53:17) *er önnur grjóthlaðin varða, 1x1 m að ummáli.* Varðan er er í 60-80 m fjarlægð frá vegstæðinu. Hana þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
**BA-53:1.** Bæjarhóll. *"Þorbjörn loki hér maðr, sonr Böðmóðs ór Skut. Hann fór til Íslands og nam Djúpafjörð ok Grónes til Gufufjarðar." [Ísl.sög. I., Landnámabók, bls. 98].... Fylgt er afleggjara sem liggur eftir vestanverðu Gróunesi alveg þar til hann endar á stórum malarkambi út á nesinu. Bæjarstæði Gróuness stendur í u.þ.b. 200 m fjarlægð í suðaustur átt. Bæjarhúsin eru mjög greinileg og sést móta fyrir bustabæ, þar sem hafa áður staðið sex burstir. Hleðslur standa grónar og er hleðsluhæð um 1 m.* Í skráningarskýrslunni segir einnig: *Yst á nesinu er bæjarstæði Gróuness og innan gamla túnstæðisins fundust níu minjastaðir og tveir syðst í jaðri*

*túngarðsins. Gamla bæjarstæðið (BA-53:1) stendur svo til í miðju túninu og eru þar greinilegar rústir... Allar rústir innan túngarðsins (9 minjar) eru í hættu vegna framkvæmdanna og eru sjö þeirra á varðúðarsvæði 1 en tvær á varðúaðrsvæði 2 (60-80m).* Í umfjöllun um leið C í skráningarskýrslu segir að bæjarhóllinn sé í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Ef hóllinn er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hann raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að kanna hann með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja hann greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:13.** Útihús. *Nr. 3 á túnakorti. Vestan við bæjarstæðið, í u.þ.b. 60 m fjarlægð, stendur rúst af útihúsi á litlum hól. Rústin er ferhyrnd og 10x6 m að ummáli. Hlaðin úr torfi og grjóti og hleðslur standa í u.þ.b. 1,2 m.* Í umfjöllun um leið C í skráningarskýrslu segir að rústin sé í innan við 60 m fjarlægð frá neðri-kosti leiðarinnar. Ef rústin er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að kanna hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:20.** Útihús. *Norðaustur af bæjarstæðinu í u.þ.b. 60 m og í u.þ.b. 24 suðaustur af nr. 15. Óregluleg rúst og ekki sést til veggja.* Í umfjöllun um leið C í skráningarskýrslu segir að rústin sé í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Ef rústin er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að kanna hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:25.** Rúst. *Í u.þ.b. 50 m norður af bæjarstæðinu, nyrst í túninu er óregluleg rúst..* Í umfjöllun um leið C í skráningarskýrslu segir að rústin sé í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Ef rústin er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að kanna hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:14.** Fjárhús. *Nr. 4 á túnakorti. Svo til beint í norður frá bæjarstæðinu, í u.þ.b. 30 m fjarlægð. Grjót og torfhlaðið fjárhús með hlöðu. Hleðslur standa grónar og er hleðsluhæð um 1 m. Ummál fjárhússins er 15x13 m.* Í umfjöllun um leið C í skráningarskýrslu segir að rústin sé í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Ef rústin er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að kanna hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:15.** Fjárhús. *Nr. 5 á túnakorti. Einnig norður af bæjarstæðinu í u.þ.b. 30 m norðvestur af nr. 14. Grjót og torfhlaðið fjárhús með hlöðu. Hleðsluhæð um 1 m og ummál fjárhússins er um 12x14 m.* Í umfjöllun um leið C í skráningarskýrslu segir að rústin sé í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Ef rústin er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að kanna hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

**BA-53:22.** Tóft. *Austast í túninu er ógreinileg tóft. Tóftin stendur austanmegin við túngarðinn og rétt við vegslóðann sem liggur niður að sjó.* Tóftin er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Hana þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

**BA-53:27.** Túngarður. *Í austurátt frá bæjarstæðinu sést móta fyrir túngarði. Túngarðurinn er*

*vel gróinn og liggur í norður suðurátt meðfram austurjarðri gamla túnsins.* Túngarðurinn er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Hann þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.
**BA-53:21.** Túngarður. *Austanmegin við bæjarstæðið sést móta fyrir túngarði sem liggur meðfram túninu í átt til sjávar. Garðurinn er um 170 m langur og endar við vegslóða sem liggur niður að sjó.* Í umfjöllun um leið C í skráningarskýrslu segir að túngarðurinn sé í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Ef túngarðurinn er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hann raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að grafa könnunarskurð í túngarðinn til að kanna gerð hans og aldur. Annars þarf að merkja hann greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

Á bls. 94 í skráningarskýrslu og í kafla 6.3.4.2 í matsskýrslu segir að fyrir sunnan túnstæði Gróuness séu fjórar rústir í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Þrjár eru taldar upp, BA-53:6, BA-53:8 og BA-53:23. Þessar fornleifar eru ekki í töflu yfir rústir sem liggja í innan við 100 m fjarlægð frá leið C (tafla 4 í skráningarskýrslu og tafla 6.11 í matsskýrslu.). Um þær hefur hins vegar verið fjallað í tengslum við leið B um Grónes.

Leið C. Leiðin er óbreytt frá núverandi vegi frá Þorskafirði yfir í Djúpafjörð. Frá Miðhúsum að Melanesi eru lagðir fram tveir kostir. Fyrri kosturinn er nefndur „Miðhús-Melanes vestan Brekkuár (g660-021)" en sá seinni „Miðhús-Melanes sunnan Brekkuár (h660-112)".

Á Hjallahálsi fannst ein varða á leið D. Annars fundust engar minjar á svæðinu frá Djúpadal í Djúpafirði að Brekku í Gufufirði. Við þann kost leiðar D sem kallaður er „Miðhús-Melanes sunnan Brekkuár" fundust engar fornleifar.

Fornleifar við leið D á Hjallahálsi:
**BA-51:22.** Varða. *Þegar kemur yfir hálsinn ofan í Djúpafjörð stendur grjóthlaðin varða norðanmegin vegarins í u.þ.b. 58 metra frá vegstæðinu.* Í skráningarskýrslunni segir jafnframt: *Engar minjar fundust á Hjallahálsi fyrir utan eina vörðu sem er vestanmegin í hálsinum (BA-51:22). Varðan er grjóthlaðin um 1x1 metri að ummáli og er um 1 m metri á hæð.* Vörðuna þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Fornleifar við þann kost sem kallaður er „Miðhús-Melanes vestan Brekkuár" á leið D á Melsnesi: Þessi vegkostur liggur meðfram túnstæði Brekku og er bæjarstæðið sjálft um 116 metra frá vegstæðinu. Öll tún á Brekku hafa verið sléttuð. Við fornleifaskráningu sáust engar fornleifar á svæðinu en í skráningarskýrslunni segir að talsverðar líkur geti verið á að einhverjar fornleifar geti leynst á þessu svæði. Ef til vegaframkvæmda kemur á þessum stað þarf fornleifafræðingur að vera til eftirlits á meðan á jarðraksi stendur.
**BA-51:22.** Varða. *Þegar kemur yfir hálsinn ofan í Djúpafjörð stendur grjóthlaðin varða norðanmegin vegarins í u.þ.b. 58 metra frá vegstæðinu.* Í skráningarskýrslunni segir jafnframt: *Engar minjar fundust á Hjallahálsi fyrir utan eina vörðu sem er vestanmegin í hálsinum (BA-51:22). Varðan er grjóthlaðin um 1x1 metri að ummáli og er um 1 m metri á hæð.* Vörðuna þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

**BA-54:15.** Naust. *"Ofan með túninu, niður að sjó, liggja götur, sem nefndar eru Miðgötur. Neðan við túnið, niður að sjó, eru Bakkar. Undir þeim, með sjónum, er löng brekka, nefnd Langabrekka. Inn af brekkunni, móti Hofsstöðum, er tangi fram í sjóinn, sem heitir Skipatangi. Þar sést fyrir gömlum naustum." [Örnefnaskrá Brekku].* Naustin eru í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Merkja þarf naustin á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þau raskist af vangá.
**BA-57:01.** Bæjarhóll. *"Um mitt túnið er hóll, er nefnist Fjárhúshóll. Skammt norðan hólsins og að Litlalæk er gróinn malarhryggur, sem nefnist Járnhaus. Rétt við hann og neðan Fjárhúshóls, eru tóftir, sem álitið er, að séu fornar hoftóftir. Sést greinilega fyrir þeim. Utan við Fjárhúshól er stór flöt, sem Bæjarflöt er nefnd; upp af henni og ofan fjárhúsa er svo bæjarstæðið. Þar skammt frá er fjósið." [Örnefnaskrá Hofstaða].* Bæjarstæðið er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Merkja þarf bæjarstæðið á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að það raskist af vangá.
**BA-57:16.** Tóft. *Í norðausturátt frá bæjarstæðinu, rétt fyrir ofan fjöruborðið er ferhyrnd tóft hlaðin úr torfi og grjóti.* Tóftin er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Merkja þarf tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
**BA-57:17.** Tóft. *Austan við bæjarstæðið í túnjaðrinum er ógreinileg tóft. Í u.þ.b. 180 metra fjarlægð.* Tóftin er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Merkja þarf tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
**BA-57:18.** Tóft. *Í norðvestur frá bæjarstæðinu, í u.þ.b. 50 metra fjarlægð er ógreinileg tóft.* Tóftin er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Merkja þarf tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
**BA-57:19.** Tóft. *Vestur af bæjarstæðinu í u.þ.b. 30 metra fjarlægð, milli þjóðvegarins og bæjarstæðisins er grjóthlaðin rúst.* Tóftin er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Merkja þarf tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
**BA-57:20.** Túngarður. *Suður af bæjarstæðinu er grjóthlaðinn túngarður. Garðurinn liggur frá þjóðveginum í vesturátt í u.þ.b. 40 metra.* Túngarðurinn er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Merkja þarf túngarðinn á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.
**BA-58:14.** Sel. *"Hún (Fagrahlíð) nær út að Kötlum, sem er rétt ofanvert við Selið. En það er í lægð utan við Melanesið, efst upp undir hlíðinni. Niður af Fögruhlíð er framhald af Börðunum, sem fyrr eru talin frá Rauðkuholti og að Kolholti. Kolholt er suðaustur af Selinu, rétt neðan við það, og liggur gatan yfir það. Nafnið Kolholt er þannig til komið eftir því sem Jón best veri, að þar var gert til kola eins og títt var áður fyrr. Beint niður af Kolholti, niður við sjóinn heita kleifar. Niður við sjóinn er mjög gamalt sel, nefnt Sjávarsel. Það er fast við Krakána rétt áður en hún fellur í sjó. Þar eru mjög gamlar tættur." [Örnefnaskrá Kleifaness].* Selið er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Merkja þarf selið á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að það raskist af vangá.
**BA-58:39.** Fjárhús. *Í u.þ.b. 2 km norðaustur af bæjarstæðinu rétt áður en þjóðvegurinn beygir inn Gufufjörðinn. Þar norðan við þjóðveginn upp undir hlíðinni er ferhyrnd rúst, 17x13 m að ummáli. Rústin er hlaðin úr torfi og grjóti. Rústin er um 70 m frá vegstæðinu.* Rústina þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Áfangi 3. Leiðin Kraká – Eyri. Á þesari leið er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum á vegstæðinu miðað við núverandi veg. Megin breytingarnar eru á tveimur stöðum, annars vegar

fyrir Skálanes og hins vegar milli Kleifastaðamels og Kleifastaða.

Vegur fyrir Skálanes. Lagðir eru fram fimm valkostir sem skipt er í neðsta- og mið-kost og efstu-kosti.
Fornleifar við neðsta-kost (g660-002) um Skálanes í 3. áfanga:
**BA-58:40.** Rétt. *Svo til beint upp af bænum, norðanmegin við þjóðvegin. Grjóthlaðin rétt sem er að hluta til hlaðin utan í kletta. Alveg við Vestfjarðarveg nr. 60* . Í umfjöllun um réttina í skráningarskýrslunni segir: *Vestfjarðarvegur liggur í gegnum túnstæði Skálaness (kort 12). Öll tún hafa verið sléttuð og ekki sést til neinna rústa nema norðan núverandi íbúaðrhúss. Þar er grjóthlaðin rétt, um 5 m frá miðlínu vegar, u.þ.b. 13x10 metrar að ummáli og er hún hlaðin utan í kletta (BA-58:40). Þessi rétt er í hættu vegna framkvæmdanna.* Réttina þarf að mæla upp og teikna hana nákvæmlega.
**BA-58:33.** Útihús. *Nr. 2 á túnakorti. Ekki sést til fornleifa.* Í umfjöllun um fornleifarnar í skáningarskýrslunni segir: *Samkvæmt heimildum voru níu minjastaðir (BA-58:01, 33, 34, 35, 36, 37, 38, 41 og 42) bæði á svæði innan gamla túnstæðis Skálaness og utan þess. Við vettvangskönnun fundust engar minjar á þessum stöðum og er það líklega vegna ýmissa framkvæmda á svæðinu gegnum tíðina. Líkur eru þó á að við framkvæmdir gætu minjar komið í ljós.* Staðurinn er í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit með framkvæmdum á þessu svæði. Komi minjar í ljós þarf að stöðva framkvæmdir á meðan þær eru rannsakaðar.
**BA-58:34.** Útihús. *Nr. 3 á túnakorti. Ekki sést til fornleifa.* Er meðal fornleifa sem skv. heimildum voru í nágrenni bæjarstæðis Skálaness en ekki sést móta fyrir, sjá BA-58:33 hér að ofan. Staðurinn er í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit með framkvæmdum á þessu svæði. Komi minjar í ljós þarf að stöðva framkvæmdir á meðan þær eru rannsakaðar.
**BA-58:35.** Útihús. *Nr. 4 á túnakorti. Ekki sést til fornleifa.* Er meðal fornleifa sem skv. heimildum voru í nágrenni bæjarstæðis Skálaness en ekki sést móta fyrir, sjá BA-58:33 hér að ofan. Staðurinn er í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit með framkvæmdum á þessu svæði. Komi minjar í ljós þarf að stöðva framkvæmdir á meðan þær eru rannsakaðar.
**BA-58:36.** Útihús. *Nr. 5 á túnakorti. Ekki sést til fornleifa.* Er meðal fornleifa sem skv. heimildum voru í nágrenni bæjarstæðis Skálaness en ekki sést móta fyrir, sjá BA-58:33 hér að ofan. Staðurinn er í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit með framkvæmdum á þessu svæði. Komi minjar í ljós þarf að stöðva framkvæmdir á meðan þær eru rannsakaðar.
**BA-58:37.** Útihús. *Nr. 7 á túnakorti. Ekki sést til fornleifa.* Er meðal fornleifa sem skv. heimildum voru í nágrenni bæjarstæðis Skálaness en ekki sést móta fyrir, sjá BA-58:33 hér að ofan. Staðurinn er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að verktökum verði gerð grein fyrir því að þarna kunni að leynast fornleifar til að kom í veg fyrir að þær raskist af vangá.
**BA-58:42.** *Í um það bil 440 metra í auðaustur frá bæjarstæði Skálaness, rétt fyrir ofan sjóinn, mótar fyrir ógreinilegum rústum. Óvíst hvort hér sé um rústir að ræða.* Í töflu 6 í skárningarskýrslu (töflu 6.13 í matsskýrslu) kemur fram að rústin sé í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Ef rústin er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að rannsaka rústina með

fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

Fornleifar við mið-kost (g660-994) um Skálanes í 3. áfanga:
**BA-58:40.** Rétt. *Svo til beint upp af bænum, norðanmegin við þjóðvegin. Grjóthlaðin rétt sem er að hluta til hlaðin utan í kletta. Alveg við Vestfjarðarveg nr. 60 .* Í umfjöllun um réttina í skráningarskýrslunni segir: *Vestfjarðarvegur liggur í gegnum túnstæði Skálaness (kort 12). Öll tún hafa verið sléttuð og ekki sést til neinna rústa nema norðan núverandi íbúaðrhúss. Þar er grjóthlaðin rétt, um 5 m frá miðlínu vegar, u.þ.b. 13x10 metrar að ummáli og er hún hlaðin utan í kletta (BA-58:40). Þessi rétt er í hættu vegna framkvæmdanna.* Réttina þarf að mæla upp og teikna hana nákvæmlega.
**BA-58:01.** *Bæjarhóll. ....."En er Ketill gufa kom aftr, þá fór hann vestr fyrir Mýrar ok var inn fjórða vetr á Snæfellsnesi að Gufuskálum. Hann nam síðan Gufufjörð ok Skálanes til Kollafjarðar." [Ísl.sög.I., Landnámabók, bls. 100] "Um várit bjóst Sturla af fara í fjörðu vestr, Skyldi hann þá ljúka upp gerðum eftir því, sem mælt var með þeim Vatnsfirðingum. Þeir höfðu lagt fund á Skálanesi." [Sturl. saga II., Íslendinga saga, bls. 191]..."Bærinn stendur miðja vega milli Hádegiskletta og Kaldalækjar. "[Örnefnaskrá Skálaness].* Í umfjöllun um fornleifarnar í skáningarskýrslunni segir: *Samkvæmt heimildum voru níu minjastaðir (BA-58:01, 33, 34, 35, 36, 37, 38, 41 og 42) bæði á svæði innan gamla túnstæðis Skálaness og utan þess. Við vettvangskönnun fundust engar minjar á þessum stöðum og er það líklega vegna ýmissa framkvæmda á svæðinu gegnum tíðina. Líkur eru þó á að við framkvæmdir gætu minjar komið í ljós.* Bæjarhóllinn er í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit með framkvæmdum á þessu svæði. Komi minjar í ljós þarf að stöðva framkvæmdir á meða þær eru rannsakaðar.
**BA-58:34.** Útihús. *Nr. 3 á túnakorti. Ekki sést til fornleifa.* Er meðal fornleifa sem skv. heimildum voru í nágrenni bæjarstæðis Skálaness en ekki sést móta fyrir, sjá BA-58:33 hér að ofan. Staðurinn er í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit með framkvæmdum á þessu svæði. Komi minjar í ljós þarf að stöðva framkvæmdir á meða þær eru rannsakaðar.
**BA-58:38.** Útihús. *Nr. 6 á túnakorti. Ekki sést til fornleifa.* Er meðal fornleifa sem skv. heimildum voru í nágrenni bæjarstæðis Skálaness en ekki sést móta fyrir, sjá BA-58:33 hér að ofan. Staðurinn er í innan við 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit með framkvæmdum á þessu svæði. Komi minjar í ljós þarf að stöðva framkvæmdir á meða þær eru rannsakaðar.
**BA-58:41.** Rústir. *Á Melanesi er gamall flugvöllur. Austan við flugvöllinn eru tvö túnstæði. Svo til mitt á milli þeirra mótar fyrir rústum. Ekki er alveg víst að hér sé um rústir að ræða.* Staðurinn er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að verktökum verði gerð grein fyrir því að þarna kunni að leynast fornleifar til að kom í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Fornleifar við efstu-kosti um Skálanes í 3. áfanga:
**BA-58:40.** Rétt. Sjá umfjöllun um réttina hér að ofan. Réttin er í hættu vegna framkvæmdanna. Réttina þarf að mæla upp og teikna hana nákvæmlega.
**BA-58:34.** Útihús. *Nr. 3 á túnakorti. Ekki sést til fornleifa.* Er meðal fornleifa sem skv. heimildum voru í nágrenni bæjarstæðis Skálaness en ekki sést móta fyrir, sjá BA-58:33 hér að

ofan. Staðurinn er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að verktökum verði gerð grein fyrir því að þarna kunni að leynast fornleifar til að kom í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Vegur frá Skálanesi að Eyri. Engar minjar sáust á svæðinu frá Skálanesi að Kleifastöðum. Eftirfarandi fornleifar fundust á milli Kleifastaða og Eyrar:
**BA-59:20.** Rúst. *Norðan við bæjarstæði Kleifastaða, u.þ.b. 40 metra vestan við þjóðvegin. Sporöskjulaga rúst, gróin og veggir útflattir.* Rústin mun vera 4x5 m að utanmáli. Rústina þarf að merkja á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
**BA-60:15.** Útihús. *Í suðvestur, í u.þ.b. 27 m fjarlægð, af bæjarstæðinu er stór ferhyrnd rúst, 10x8 m að ummáli. Þessi rúst er torfhlaðin og er af fjárhúsum.* Rústin er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Hana þarf að merkja á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
**BA-60:16.** Útihús. *Beint suður af bæjarstæðinu, í u.þ.b. 23 m fjarlægð er ferhyrnd rúst. Rústin er hlaðin úr torfi og grjóti og er um 8x6 m að ummáli.* Rústin er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Hana þarf að merkja á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
**BA-60:21.** Rúst. *Í NNV átt frá bæjarstæðinu í u.þ.b. 150 metra fjarlægð. Ferhyrnd rúst 15x12 metrar að ummáli.* Rústin er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Hana þarf að merkja á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
**BA-60:18.** *Í NNV átt frá bæjarstæðinu í u.þ.b. 100 metra fjarlægð. Ferhyrnd rúst, tvíhólfa 11x7 metrar að utanmáli.* Rústin er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Hana þarf að merkja á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
**BA-60:19.** Rúst. *Í NNV átt frá bæjarstæðinu í u.þ.b. 115 metra fjarlægð. Ferhyrnd rúst, tvíhólfa 8x8 metrar að ummáli.* Rústin er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Hana þarf að merkja á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
**BA-60:20.** Rúst. *Í NNV átt frá bæjarstæðinu í u.þ.b. 150 metra fjarlægð. Ferhyrnd rúst, tvíhólfa 10x10 metrar að ummáli.* Rústin er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Hana þarf að merkja á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
**BA-60:22.** *Í NNV átt frá bæjarstæðinu í u.þ.b. 118 metra fjarlægð. Ferhyrnd rúst.* Rústin er í meira en 60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Hana þarf að merkja á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
**BA-60:10.** Dys. *"Innst á Skeiðinu er Dys, og er grjóttíningur á stangli þar úr henni. Utan við Skeiðið er önnur vík, sem heitir Ytri-Skeiðsvík. Nær hún upp undir svonefnda Skeiðskletta. Þar er aðrekstrarrétt, að nokkru sjálfbyggð." [Örnefnaskrá Galtarár] "Sagt er að við Dys hafi verið drepinn þræll, er ætlaði að strjúka." [Athugasemdir við örnefnaskrá Galtarár]. Þegar komið er að afleggjaranum að Galtará er haldið áfram í 1,3 km norður, inn Kollafjörðinn, þangað til að komið er að nesi sem skagar í sjó fram. Upp að þessu við þjóðveginn, u.þ.b. 5 m austur er lítill hóll. Hóllinn er 5x4 m að ummáli og er augljóslega manngerður. Í september 2004 var gerð fornleifarannsókn á dysinni. Sú rannsókn leiddi engin mannabein eða gripi í ljós. Dysin er grjóthlaðið mannvirki og er líklegt að hér sé um að ræða fornt mið eða*

*siglingamerki.* Þessi minjastaður lendir undir veginum því til stendur að rétta vegstæðið af á þessu svæði. „Dysin" hefur verið rannsökuð og því gerir Fornleifavernd ríkisins ekki kröfur um frekari mótvægisaðgerðir.
**BA-60:14.** *Beint norður af bæjarstæðinu, í u.þ.b. 130 m fjarlægð er rúst. Rústin er ferhyrnd og er um12x7 m að ummáli.* Í umfjöllun um fornleif með þessu númeri (BA-60:14) í skráningarskýrslunni (bls. 97) er talað um garðlag. Þar segir: *Rétt vestan við meinta dys er garðlag (BA-60:14) hlaðið úr grjóti og er það í hættu vegna framkvæmda.* Hvort sem hér er um garðlag eða rúst að ræða gildir það sama. Ef fornleifin er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að rannsaka hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

**Námur.** Hér á eftir verður fjallað um þær námur sem liggja nærri fornleifum og gerð grein fyrir þeim mótvægisaðgerðum sem Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að gripið verði til vegna þeirra.
**Náma 5.** Við þessa námu er rúst (BA-48:66). Sjá umfjöllun um rústina hér að ofan. Ekki er ljóst hversu nálægt rústin er mörkum námusvæðisins. Ef hún er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá námunni að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að rannsaka hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja rústina greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.
**Náma 6.** Grímkelsstaðir (BA-48:31) eru rétt norðan við námu 6. Sjá umfjöllun um Grímkelsstaði hér að ofan. Þar eru friðlýstar fornleifar, rústir innan túngarðs og fornt akurgerði. Ef nýta á þessa námu þarf að ryðja skóg frá friðlýstu minjunum og kann hver áhrif námuvinnslunnar hefðu á minjarnar. Skv. 11. gr. þjóðminjalaga (Nr. 107/2001) skal þeim minjum sem friðlýstar eru fylgja 20 metra friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa. Þrír líklegir minjastaðir (BA-49:77, 78 og 79) eru innan efnistökusvæðis nr. 6. Engar sýnilegar rústir eru á þessum stöðum en talið lýklegt að mannvistarleifar geti leynst undir yfirborði. Grafa þarf könnunarskurði áður en námuvinnsla hefst. Niðurstaða slíkrar könnunar kanna að leiða til þess að frekari rannsókna verði þörf.
**Náma 7a.** Þrír minjastaðir eru innan efnistökusvæðis 7a:
**BA-49:10.** Stekkur. Sjá umfjöllun um stekkinn hér að farman. Rannsaka þarf stekkinn með fornleifauppgretri áður en efnistaka hefst.
**BA-49:71.** Túngarður. Sjá umfjöllun um túngarðinn ofar. Grafa þarf könnunarskurð í túngarðinn áður en efnistaka hefst til að kanna gerð hans og aldur.
**BA-49:72.** Tóft. Sjá umfjöllun um tóftina ofar. Rannsaka þarf tóftina með fornleifauppgretri áður en efnistaka hefst.
**Náma 7b.** Náman liggur mjög nærri þeim minjum (BA-49:10, 71 og 72) sem eru inni á námusvæði nr. 7a. Ef ekki er hægt að forðast rask á fornleifunum þarf að rannsaka þær með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja þær á áberandi hátt til að koma í veg fyrir þær raskist af vangá.
**Náma 8. BA-58:41.** Rústir. *Á Melanesi er gamall flugvöllur. Austan við flugvöllinn eru tvö túnstæði. Svo til mitt á milli þeirra mótar fyrir rústum. Ekki er alveg víst að hér sé um rústir að ræða.* Ganga þarf úr skugga um hvort hér er um raunverulegar fornleifar að ræða með því að grafa könnunarskurði á svæðinu. Niðurstaða slíkrar könnunar kanna að leiða til þess að frekari rannsókna verði þörf.

Í skráningarskýrslu er tekið fram að á Melanesi eru heimildir um minjar sem ekki fundust við vettvangskönnun.
**Náma 42.** Náman sjálf mun ekki raska fornleifum en til að nýta hana þarf að leggja veg að henni frá Hallsteinsnesi. Margar minjar eru á þeirri leið. Vegstæðið þarf að velja þannig að það raski ekki fornleifum.
**Námur 33, 34, 35 og 36.** Um þessar námur segir í skráningarskýrslu: *...eru allar við túnstæði Gróuness og eru margar minjar í nálægð við efnistökusvæðin. Nauðsynlegt er að allar minjar við efnistökusvæðin séu merkt og vel varðar ef þess gerist þörf.* Fornleifavernd ríkisins er sammála skýrsluhöfundi um mótvægisaðgerðir varðandi þessi efnistökusvæði.
**Náma 31.** Náman er rétt norðan við bæjarstæði Miðhúsa. Engar fornleifar eru á svæðinu svo vitað sé en nauðsynlegt er að farið sé með gát og efnistaka fari ekki út fyrir skilgreint svæði.
**Náma 10.** Nálægt efnistökusvæðinu eru vörður (BA-53:17). *Gengið er út Grónesið frá sumarbústöðum Landhelgisgæslunnar, austanmegin. Í u.þ.b. 1,2 km fjarlægð frá sumarbústöðunum eru háir stapar sem sjást vel frá bústöðunum. Efst á þeim eru grjóthlaðnar vörður.* Merkja þarf vörðurnar á meðan á efnistöku stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.
**Náma 18.** Á námusvæði 18 eru tveir minjastaðir:
**BA-60:10.** Dys. *"Innst á Skeiðinu er Dys, og er grjóttíningur á stangli þar úr henni. Utan við Skeiðið er önnur vík, sem heitir Ytri-Skeiðsvík. Nær hún upp undir svonefnda Skeiðskletta. Þar er aðrekstrarrétt, að nokkru sjálfbyggð." [Örnefnaskrá Galtarár] "Sagt er að við Dys hafi verið drepinn þræll, er ætlaði að strjúka." [Athugasemdir við örnefnaskrá Galtarár]. Þegar komið er að afleggjaranum að Galtará er haldið áfram í 1,3 km norður, inn Kollafjörðinn, þangað til að komið er að nesi sem skagar í sjó fram. Upp að þessu við þjóðveginn, u.þ.b. 5 m austur er lítill hóll. Hóllinn er 5x4 m að ummáli og er augljóslega manngerður. Í september 2004 var gerð fornleifarannsókn á dysinni. Sú rannsókn leiddi engin mannabein eða gripi í ljós. Dysin er grjóthlaðið mannvirki og er líklegt að hér sé um að ræða fornt mið eða siglingamerki.* Þessi minjastaður er á námasvæðinu. „Dysin" hefur verið rannsökuð og því gerir Fornleifavernd ríkisins ekki kröfur um frekari mótvægisaðgerðir.
**BA-60:14.** *Beint norður af bæjarstæðinu, í u.þ.b. 130 m fjarlægð er rúst. Rústin er ferhyrnd og er um12x7 m að ummáli.* Í umfjöllun um fornleif með þessu númeri (BA-60:14) í skráningarskýrslunni (bls. 98) er talað um garðlag. Hvort sem hér er um garðlag eða rúst að ræða gildir það sama. Fornleifina þarf að rannsaka með fornleifauppgreftri.
**Náma 23.** *Náma 23 er nokkuð nálægt svæði þar sem að heimildir bentu sterklega til þess að minjar gætu leynst.* Fara þarf varlega í framkvæmdir á þessu svæði og stöðva þær ef fornleifar koma í ljós, sbr. 13. gr. þjóðminjalaga.

**Samantekt.**
Áfangi 1.
Eftirtaldar fornleifar eru ekki í beinni hættu en þó þarf að gera verktökum grein fyrir tilvist þeirra til að forðast að þær raksist af vangá: Kinnastaðarétt, bæjarstæði Hjalla og rúst (BA-48:63) í landi Þórisstaða.
Nokkrar fornleifar liggja nærri núverandi vegi sem fyrirhugað er að nota áfram. Komi til viðgerða eða endurbóta á veginum þarf að taka tillit til þessara fornleifa. Ef ekki verður komist hjá raski á þeim þarf að rannsaka þær. Þessar fornleifar eru: Stekkjartóft í nátthaga (BA-43:30), fjárhúsrúst (BA-46:20), rústarhóll (BA-46:21) og túngarður (BA-48:62).

Í landi Þórisstaða er bæjarhóll (BA-48:33) í u.þ.b. 60 m fjarlægð frá miðlínu vegar. Ef kemur til viðgerða eða endurbóta á veginum á þessum stað þarf að gæta að því að ekki sé farið og nálægt bæjarstæðinu.
Merkja þarf rúst (BA-48:64) á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Áfangi 2. Efri-kostur leiðar B frá Þórisstöðum að Hallsteinsnesi.
Eftirtaldar fornleifar eru ekki í beinni hættu en þó þarf að gera verktökum grein fyrir tilvist þeirra til að forðast að þær raksist af vangá: Vörður (BA-49:73), vörður (BA-49:74), varða (BA-49:70) og Hólshús, fjárhús (BA-49:53).
Merkja þarf eftirfarandi fornleifar á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: Rúst (BA-48:54), rúst (BA-48:55), rúst (BA-48:56), rúst (BA-48:67), rúst (BA-48:76), túngarð (BA-49:71), tóft (BA-49:72) og stekk (BA-49:10).
Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit meðan á framkvæmdum stendur nærri bæjarstæði Grafar (BA-48:01).
Rétt (BA-48:69) er sögð vera í innan við 60 m fjarlægð frá efri kosti veglínunnar. Ef réttin er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að mæla hana nákvæmlega upp og teikna hana. Annars þarf að merkja hana greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.
Á Flókavöllum eru rústir sem samanstanda af tveimur byggingum (BA-49:003) og einum grjóthlöðnum túngarði sem umlykur byggingarnar (BA-49:80). Þessi mannvirki eru sögð í u.þ.b. 30 m fjarlægð frá vegstæðinu. Ekki er fullljóst hvort það er túngarðurinn sem er í 30 m fjarlægð frá vegstæðinu eða rústir bygginganna og túngarðurinn þá væntanlega mun nær. Séu allar fornleifarnar í 30 m fjarlægða eða meira frá vegstæðinu þarf að afmarka bæjarstæði Flókavalla í heild sinni með merkjum á meðan á framkvæmdum stendur. Sé hætta á að framkvæmdir við vegagerðnina raski leifum bæjarins kann að þurfa að rannsaka minjarnar að hluta eða fullu áður en framkvæmdir hefjast.
Miðgötur (BA-48:24) þarf að staðsetja með GPS mælingu og færa inn á loftmynd eða kort.
Rúst (BA-48:66) þarf að rannsaka með fornleifauppgreftri áður en framkvæmdir hefjast.

Áfangi 2. Neðri-kostur leiðar B frá Þórisstöðum að Hallsteinsnesi.
Eftirtaldar fornleifar eru ekki í beinni hættu en þó þarf að gera verktökum grein fyrir tilvist þeirra til að forðast að þær raksist af vangá: Bæjarstæði Grafar (BA-48:01), byrgi (BA-48:73) og vörður (BA-49:74).
Merkja þarf eftirfarandi fornleifar á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: Bæjarstæði Flókavalla í heild sinni (BA-49:03 og 49:80), túngarð (BA-49:71), tóft (BA-49:72), vörður (BA-49:73) og stekk (BA-49:10).
Tvær fornleifar, kálgarður (BA-48:70) og naust (BA-49:76), eru sagðar vera í innan við 60 m fjarlægð frá veglínunni. Ekki er gefi upp nákvæmar hversu langt þær eru frá vegstæðinu. Ef fornleifarnar eru í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að þær raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að grafa könnunarskurð í garðinn til að kanna gerð hans og aldur og rannsaka naustið með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja fornleifarnar greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.
Rúst (BA-48:66) þarf að rannsaka með fornleifauppgreftri áður en framkvæmdir hefjast.
Á Grímkelsstöðum (BA-48:31) eru friðlýstar fornleifar. Annars vegar eru það túngarður og

bæjarrústir innan hans. Túnstæðið er milli Akranesmels og Grímkelsstaðaár. Hins vegar er fornt akurgerði í Akraneshvammi milli Akraness og Grímkelsstaðaár. Nákvæm skráning á þessum minjum gat ekki farið fram vegna skógarþykknis, sbr. umfjöllun hér að ofan, og því liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um áhrif vegagerðarinnar á þessar fornleifar. Fornleifavernd ríkisins getur ekki fallist á að friðlýstum fornleifum verði raskað vegna vegagerðarinnar né að vegur verði lagður innan friðhelgaðs svæðis þeirra, 20 metra út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa, eins og það er skilgreint í lögum.

Áfangi 2. Leið B, þverun Djúpafjarðar. Ystu-kostir leiðar B á Grónesi.
Eftirtaldar fornleifar eru ekki í beinni hættu en þó þarf að gera verktökum grein fyrir tilvist þeirra til að forðast að þær raksist af vangá: Rúst (BA-53:24) og rúst (BA-53:28).
Túngarð (BA-53:21) þarf að merkja til að koma í veg fyrir að hann raksist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.
Þrjár fornleifar, rúst (BA-53:23), naust (BA-53:06) og dys (BA-53:08), eru sagðar vera í innan við 60 m fjarlægð frá veglínunni. Ekki er gefi upp nákvæmar hversu langt þær eru frá vegstæðinu. Ef fornleifarnar eru í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að þær raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að rannsaka þær með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja fornleifarnar greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

Áfangi 2. Leið B, þverun Djúpafjarðar. Innsti-kostur leiðar B á Grónesi.
Merkja þarf eftirfarandi fornleifar á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: Rúst (BA-53:23), naust (BA-53:06) og dys (BA-53:08).
Tvær rústir (BA-53:24 og 53:28) eru sagðar vera í innan við 60 m fjarlægð frá veglínunni. Ekki er gefi upp nákvæmar hversu langt þær eru frá vegstæðinu. Ef fornleifarnar eru í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að þær raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að rannsaka þær með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja fornleifarnar greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.
Grafa þarf könnunarskurð í túngarð (BA-53:21) áður en framkvæmdir hefjast til að afla upplýsinga um gerð hans og aldur.

Áfangi 2. Leið B og C, þverun Gufufjarðar. Efri-kostur leiðar B og C á Melanesi.
Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist sels (BA-58:14) til að tryggja að það raskist ekki af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.
Merkja þarf rústir (BA-58:41) á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.
Ein rúst (BA-58:39) er sögð vera í innan við 60 m fjarlægð frá veglínunni. Ekki er gefi upp nákvæmar hversu langt hún er frá vegstæðinu. Ef rústin er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að rannsaka hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja rústina greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.
Í skráningarskýrslu segir að heimildir hafi bent til þess að á Melanesi væru fleiri rústir en að þær hafi ekki fundist við vettvangskönnun. Ekki sé því hægt að útiloka að minjar komi í ljós við framkvæmdir á nesinu. Fornleifavernd ríkisins telur að þegar og ef framkvæmdir hefjast á þessu svæði verði fornleifafræðingur að vera þar til eftirlits.

Áfangi 2. Leið B og C, þverun Gufufjarðar. Neðri-kostur leiðar B og C á Melanesi.
Merkja þarf rústir (BA-58:41) á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.
Ein rúst, sel (BA-58:14), er sögð vera í innan við 60 m fjarlægð frá veglínunni. Ekki er gefi upp nákvæmar hversu langt selið er frá vegstæðinu. Ef það er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að það raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að rannsaka það með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja selið greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.
Í skráningarskýrslu segir að heimildir hafi bent til þess að á Melanesi væru fleiri rústir en að þær hafi ekki fundist við vettvangskönnun. Ekki sé því hægt að útiloka að minjar komi í ljós við framkvæmdir á nesinu. Fornleifavernd ríkisins telur að þegar og ef framkvæmdir hefjast á þessu svæði verði fornleifafræðingur að vera þar til eftirlits.

Áfangi 2. Leið C á Hjallahálsi.
Merkja þarf vörðu (BA-51:22) á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Áfangi 2. Leið C frá Miðhúsum að Grónesi.
Merkja þarf eftirfarandi fornleifar á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: Þúst (BA-53:16), vörðu (BA-53:17), vörðu (BA-53:18), tóft (BA-53:22) og túngarð (BA-53:27).
Sjö fornleifar, bæjarhóll (BA-53:1), rúst (BA-53:13), rúst (BA-53:20), rúst (BA-53:25), rúst (BA-53:14), rúst (BA-53:15) og túngarður (BA-53:21), eru sagðar vera í innan við 60 m fjarlægð frá veglínunni. Ekki er gefi upp nákvæmar hversu langt þær eru frá vegstæðinu. Ef fornleifarnar eru í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að þær raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að rannsaka þær með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja fornleifarnar greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

Áfangi 2. Leið D á Hjallahálsi.
Merkja þarf vörðu (BA-51:22) á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Engar fornleifar fundust á svæðinu frá Djúpadal í Djúpafirði að Brekku í Gufufirði. Við þann kost leiðar D sem kallaður er „Miðhús-Melanes sunnan Brekkuár" fundust heldur engar fornleifar.

Áfangi 2. Leið D „Miðhús-Melanes vestan Brekkuár".
Merkja þarf eftirfarandi fornleifar á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: Vörðu (BA-51:22), naust (BA-54:15), bæjarhól (BA-57:01), tóft (BA-57:16), tóft (BA-57:17), tóft (BA-57:18), tóft (BA-57:19), túngarð (BA-57:20), sel (BA-58:14) og rúst (BA-58:39).
Þessi vegkostur liggur meðfram túnstæði Brekku og er bæjarstæðið sjálft um 116 metra frá vegstæðinu. Öll tún á Brekku hafa verið sléttuð. Við fornleifaskráningu sáust engar fornleifar á svæðinu en í skráningarskýrslunni segir að talsverðar líkur geti verið á að einhverjar fornleifar

geti leynst á þessu svæði. Ef til vegaframkvæmda kemur á þessum stað þarf fornleifafræðingur að vera til eftirlits á meðan á jarðraksi stendur.

Áfangi 3. Leiðin Kraká – Eyri. Á þesari leið er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum á vegstæðinu miðað við núverandi veg. Megin breytingarnar eru á tveimur stöðum, annars vegar fyrir Skálanes og hins vegar milli Kleifastaðamels og Kleifastaða.

Áfangi 3. Vegur um Skálanes, neðsti-kostur.
Gera þarf verktökum grein fyrir að rúst útihúss (BA-58:37) kunni að leinast í nágrenni bæjarstæðis Skálness til að tryggja að hún raskist ekki af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.
Samkvæmt túnakorti voru nokkur mannvirki innan gamla túnstæðis Skálaness, (BA-58:33, 34, 35 og 36). Þessar fornleifar sjást ekki lengur en leifar þeirra gætu þó enn leynst undir yfirborðinu. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit með framkvæmdum á þessu svæði. Komi minjar í ljós þarf að stöðva framkvæmdir á meðan þær eru rannsakaðar.
Ein rúst, (BA-58:42), er sögð vera í innan við 60 m fjarlægð frá veglínunni. Ekki er gefi upp nákvæmar hversu langt rústin er frá vegstæðinu. Ef hún er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að rannsaka hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja rústina greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.
Rétt (BA-58:40) þarf að mæla upp og teikna nákvæmlega áður en framkvæmdir hefjast.

Áfangi 3. Vegur um Skálanes, mið-kostur.
Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist rústa (BA-58:41) til að tryggja að þær raskist ekki af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.
Samkvæmt túnakorti voru nokkur mannvirki innan gamla túnstæðis Skálaness, (BA-58:01, 34, og 38). Þessar fornleifar sjást ekki lengur en leifar þeirra gætu þó enn leynst undir yfirborðinu. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit með framkvæmdum á þessu svæði. Komi minjar í ljós þarf að stöðva framkvæmdir á meðan þær eru rannsakaðar.
Rétt (BA-58:40) þarf að mæla upp og teikna nákvæmlega áður en framkvæmdir hefjast.

Áfangi 3. Vegur um Skálanes, efstu-kostir.
Gera þarf verktökum grein fyrir að rúst útihúss (BA-58:34) kunni að leinast í nágrenni bæjarstæðis Skálness til að tryggja að hún raskist ekki af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.
Rétt (BA-58:40) þarf að mæla upp og teikna nákvæmlega áður en framkvæmdir hefjast.

Áfangi 3. Vegur milli Skálaness og Kleifastaða. Engar fornleifar fundust á þessu svæði.

Áfangi 3. Vegur milli Kleifastaða og Eyrar.
Dys (BA-60:10) lendir undir veginum því til stendur að rétta vegstæðið af á þessum stað. „Dysin" hefur verið rannsökuð og því gerir Fornleifavernd ríkisins ekki kröfur um frekari mótvægisaðgerðir.

Merkja þarf eftirfarandi fornleifar á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: Rúst (BA-59:20), rúst (BA-60:15), rúst (BA-60:16), rúst (BA-60:21), rúst (BA-60:18), rúst (BA-60:19), rúst (BA-60:20) og rúst (BA-60:22).
Ein rúst, (BA-60:14), er sögð vera í innan við 60 m fjarlægð frá veglínunni. Ekki er gefi upp nákvæmar hversu langt rústin er frá vegstæðinu. Ef hún er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá veginum að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að rannsaka hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja rústina greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.

**Námur.** Hér á eftir verður fjallað um þær námur sem liggja nærri fornleifum og gerð grein fyrir þeim mótvægisaðgerðum sem Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að gripið verði til vegna þeirra.
Náma 5. Við þessa námu er rúst (BA-48:66). Ekki er ljóst hversu nálægt rústin er mörkum námusvæðisins. Ef hún er í það lítilli fjarlægð, innan við 20 m, frá námunni að ekki verður talið tryggt að hún raskist ekki af völdum framkvæmdarinnar þarf að rannsaka hana með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja rústina greinilega, t.d. með litaborða, á meðan á framkvæmdum stendur.
Náma 6. Grímkelsstaðir (BA-48:31) eru rétt norðan við námu 6. Þar eru friðlýstar fornleifar, rústir innan túngarðs og fornt akurgerði. Ef nýta á þessa námu þarf að ryðja skóg frá friðlýstu minjunum og kann hver áhrif námuvinnslunnar hefðu á minjarnar. Skv. 11. gr. þjóðminjalaga (Nr. 107/2001) skal þeim minjum sem friðlýstar eru fylgja 20 metra friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa.
Þrír líklegir minjastaðir (BA-49:77, 78 og 79) eru innan efnistökusvæðis nr. 6. Engar sýnilegar rústir eru á þessum stöðum en talið lýklegt að mannvistarleifar geti leynst undir yfirborði. Grafa þarf könnunarskurði áður en námuvinnsla hefst. Niðurstaða slíkrar könnunar kanna að leiða til þess að frekari rannsókna verði þörf.
Náma 7a. Rannsaka þarf stekk (BA-49:10) og tóft (BA-49:72) með fornleifauppgreftri áður en efnistaka getur hafist.
Grafa þarf könnunarskurð í túngarð (BA-49:71) til að kanna gerð hans og aldur áður en efnistaka hefst.
Náma 7b. Náman liggur mjög nærri þeim minjum (BA-49:10, 71 og 72) sem eru inni á námusvæði nr. 7a. Ef ekki er hægt að forðast rask á fornleifunum þarf að rannsaka þær með fornleifauppgreftri. Annars þarf að merkja þær á áberandi hátt til að koma í veg fyrir þær raskist af vangá.
Náma 8. Grafa þarf könnunarskurði til að ganga úr skugga um hvort rústir (BA-58:41) séu raunverulegar fornleifar. Niðurstaða slíkrar könnunar kanna að leiða til þess að frekari rannsókna verði þörf.
Í skráningarskýrslu er tekið fram að á Melanesi eru heimildir um minjar sem ekki fundust við vettvangskönnun.
Náma 42. Náman sjálf mun ekki raska fornleifum en til að nýta hana þarf að leggja veg að henni frá Hallsteinsnesi. Margar minjar eru á þeirri leið. Vegstæðið þarf að velja þannig að það raski ekki fornleifum.
Námur 33, 34, 35 og 36. Um þessar námur segir í skráningarskýrslu: *...eru allar við túnstæði Gróuness og eru margar minjar í nálægð við efnistökusvæðin. Nauðsynlegt er að allar minjar við efnistökusvæðin séu merkt og vel varðar ef þess gerist þörf.* Fornleifavernd ríkisins er

sammála skýrsluhöfundi um mótvægisaðgerðir varðandi þessi efnistökusvæði.
Náma 31. Náman er rétt norðan við bæjarstæði Miðhúsa. Engar fornleifar eru á svæðinu svo vitað sé en nauðsynlegt er að farið sé með gát og efnistaka fari ekki út fyrir skilgreint svæði.
Náma 10. Merkja þarf vörður (BA-53:17) á meðan á efnistöku stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.
Náma 18. Dys (BA-60:10) er á námasvæðinu. „Dysin" hefur verið rannsökuð og því gerir Fornleifavernd ríkisins ekki kröfur um frekari mótvægisaðgerðir.
Rannsaka þarf (BA-60:14) með fornleifauppgreftri áður en efnistaka hefst á staðnum.
Náma 23. *Náma 23 er nokkuð nálægt svæði þar sem að heimildir bentu sterklega til þess að minjar gætu leynst.* Fara þarf varlega í framkvæmdir á þessu svæði og stöðva þær ef fornleifar koma í ljós, sbr. 13. gr. þjóðminjalaga.

**Niðurstöður.**
Framsetning leiða og mismunandi kosta hverrar leiðar er með óvenjulegum hætti í matsskýrslu. Kostirnir eru allt að því sex á einstaka stöðum en eru dregnir saman í tvo eða þrjá í umfjölluninni í skýrslunni. Í fornleifaskráningarskýrslu og matsskýrslu er síðan talað um fjarlægðir fornleifa frá kostunum samandregnum en ekki frá vegkostunum hverjum fyrir sig. Þetta veldur að sjálfsögðu ónákvæmni í mati á hver áhrif einstakra kosta kunni að hafa á fornleifar. Í skráningarskýrslu og matsskýrslu eru oft ekki gefin upp nákvæm fjarlægð fornleifa frá veglínu heldur sagt að fornleifar séu á varðúðarsvæði 1, 2 eða 3. Fornleifar á varúðarsvæði 1 skv. þessari skilgreiningu eru í 0-60 m fjarlægð frá vegstæðinu. Veldur þetta stundum vankvæðum fyrir Fornleifavernd ríkisins að kveða á um til hvaða mótvægisaðgerða beri að grípa. Sem dæmi má nefna Gróuhól, dys Gróu landnámskonu, sem sagður er í 0-60 m fjarlægð frá ysta kosti leiðar B um Grónes. Ef hóllinn er í meira en 20 m fjarlægð frá vegstæðinu telur Fornleifavernd ríkisins að unnt ætti að vera að forða honum frá raski með merkingum á meðan á framkvæmdum stendur. Þetta væri auðvitað æskilegasta lausnin. Vegna ónákvæmi sem felst í þeim upplýsingum að hóllinn sé í 0-60 m fjarlægð frá vegstæðinu er þó ekki hægt að kveða upp úr um þetta og því verður Fornleifavernd ríkisins að setja þann varnagla að mögulega þurfi að rannsaka dysina. Þrátt fyrir þessa óvissu telur Fornleifavernd ríkisins að unnt sé að gefa vísbendingu um hvaða kostir eru bestir og verstir á hverri leið með tilliti til áhrifa þeirra á fornleifar. Þegar lega vegstæðisins hefur verið valin er nauðsynlegt að gerð verði ný úttekt á staðsetningu fornleifa í nágrenni þess svo að hægt sé að kveða upp úr um það til hvaða mótvægisaðgerða skuli gripið.

Áfangi 1.
Ef tillit verður tekið til krafna Fornleifaverndar ríkisins um móvægisaðgerir vegna þess hluta leiðarinnar sem liggur um Þorskafjörð gerir stofnunin ekki greinarmun á leiðunum fyrir og yfir fjörðinn.

Áfangi 2.
Leið B liggur með suðurströnd Hallsteinsness. Leiðin fer m.a. um Teigsskóg. Þar er birkiskógur svo þéttvaxinn að engin leið er að sjá hvort fornleifar leynist í skóginum. Á bls. 105 í matsskýrslu er fjallað um þennan vanda: „Vegna vandamála við að fara um Teigsskóg þá var óskað eftir því að fá frest fyrir fornleifaskráningu þangað til ljóst yrði að framkvæmdir yrðu á svæðinu... Fornleifavernd ríkisins hefur veitt þennan frest þar til vegstæði hefur verið ákveðið... Ef framkvæmdir verða á Teigsskógi er ekki ólíklegt að óþekktar fornminjar finnist þar.

Fornleifafræðingur þarf að vera á staðnum þegar skógurinn verður höggvinn fyrir þá veglínu sem verður valin." Sjá einnig umfjöllun framar í þessari umsögn. Fjöldi fornleifa er þó þekktur á þessari leið, þ.á.m. Grímkelsstaðir þar sem eru friðlýstar fornleifar. Fornleifavernd ríkisins hefur í þessari umsögn sett fram kröfur um mótvægisaðgerði hvort sem valin verður svokallaður efri-kostur eða neðri kostur leiðar B frá Þórisstöðum að Hallsteinsnesi. Vegna meiri nálægðar við friðlýstu fornleifarnar á Grímkelsstöðum telur Fornleifavernd ríkisins neðri-kostinn mun verri valkost en þann efri.

Leið B þverar Djúpafjörð og kemur á land syðst á Grónesi. Þar eru nokkrar fornleifar sem taka þarf tillit til hvaða vegkostur sem valin verður, sbr. kröfur Fornleifaverndar ríkisins um mótvægisaðgerðir. Fornleifaverndin telur innsta-kostinn betri en hina þar sem hugsanlega þarf að rannsaka rúst, naust og dys verði ystu-kostirnir valdir.

Leið B þverar Gufufjörð og sameinast leið C á Melanesi. Fjallað er um þessar leiðir saman á Melanesi. Hér er fjallað um tvo valkosti, efri- og neðri-kost og hefur Fornleifavernd ríkisins gert kröfur um mótvægisaðgerðir tengdar þeim, sjá ofar. Kostirnir eru svo svipaðir með tilliti til fornleifa að ekki verður valið á milli þeirra. Þó þykir rétt að ýtreka það sem fram kemur í umfjöllun hér að ofan en þar er bent á að í skráningarskýrslu segir að heimildir hafi bent til þess að á Melanesi væru fleiri rústir en að þær hafi ekki fundist við vettvangskönnun. Ekki sé því hægt að útiloka að minjar komi í ljós við framkvæmdir á nesinu. Fornleifavernd ríkisins telur að þegar og ef framkvæmdir hefjast á þessu svæði verði fornleifafræðingur að vera þar til eftirlits.

Lengstan hluta leiðar C er einungis um einn valkost að ræða. Sjá þó hér að ofan umfjöllun um leið B og C á Melanesi. Leið C liggur nærri bæjarhól Gróuness. Ekki er fulljóst hvort bæjarhóllinn og rústir honum tengdar muni raskast vegna framkvæmda. Ef ekki er hægt að komast hjá raski þarf að leggja í umfangsmiklar fornleifarannsóknir, sjá umfjöllun hér að framan.

Ein varða fannst í nágrenni vegstæðis leiðar D á Hjallahálsi. Engar fornleifar fundust á svæðinu frá Djúpadal í Djúpafirði að Brekku í Gufufirði. Við þann kost leiðar D sem kallaður er „Miðhús-Melanes sunnan Brekkuár" fundust heldur engar fornleifar. Verði hinn kosturinn, „Miðhús-Melanes vestan Brekkuár", fyrir valinu þarf að merkja nokkrar fornleifar, einkum í kringum bæjarstæði Hofstaða, og fá þarf fornleifafræðing til eftirlits á meðan á framkvæmdum við Brekku stendur.

Fornleifavernd ríkisins telur leið B lakasta kostin í áfanga 2. Leiðin liggur nærri friðlýstum fornleifum á Grímkelsstöðum. Þessi leið hefur áhrif á mun fleiri fornleifar en leiðir C og D og það þrátt fyrir að ekki sé búið að skrá fornleifar í Teigsskógi og að líkur bendi til að þar leynist óþekktar fornleifar. Leið D er besti kosturinn í áfanga 2 að mati Fornleifaverndar ríkisins, sérstaklega ef sá hluti leiðarinnar sem kallaður er „Miðhús-Melanes sunnan Brekkuár" verður fyrir valinu.

Áfangi 3.
Lagðir eru fram þrír kostir (fimm kostir sem dregnir eru saman í þrjá) leiðar um Skálanes. Fornleifavernd ríkisins gerir kröfur um mótvægisaðgerðir varðandi alla kostina. Þeir kostir sem kallaðir eru efstu-kostir hafa minnst áhrif á fornleifar og eru því bestir að mati

Fornleifaverndarinnar. Engar fornleifar fundust í nágrenni vegstæðisins milli Skálaness og Kleifastaða. Merkja þarf nokkrar fornleifar við veginn milli Kleifastaða og Eyrar og svo gæti farið að rannska þyrfti eina rúst með fornleifauppgreftri.

Námur.
Fornleifavernd ríkisins gerir kröfur um aðgæslu og/eða beinar mótvægisaðgerðir varðandi eftirtaldar námur: Nr. 5, 6, 7a, 7b, 8, 10, 18, 23, 31, 33, 34, 35, 36 og 42, sjá umfjöllun hér að ofan. Náma 6 er rétt sunnan við Grímkelsstaði þar sem eru friðlýstar fornleifar, rústir innan túngarðs og fornt akurgerði. Þá eru þrír líklegir minjastaðir innan efnistökusvæðisins sem rannsaka þarf áður en efnistaka gæti hafist. Fornleifavernd ríkisins telur mjög æskilegt að ekki verði ráðist í efnistöku í námu 6.

Eins og áður er fram komið er talsverð óvissa ríkjandi varðandi fjarlægð fornleifa frá einstaka vegkostum. Það að mismunandi kostir leiða séu dregnir saman í færri kosti, eins og t.d. sex kostir leiðar B frá Þórisstöðum að Hallsteinsnesi í þrjá kosti (efri-, neðri- og fjörukost) og oft á tíðum ónákvæm staðsetning fornleifa miðað við vegkosti, sagðar í 0-60 m fjarlægð eða 60-100 m fjarlægð, leiðir til þess að ekki er hægt að líta á þessa umsögn Fornleifaverndar ríkisins sem endanlega. Þegar endanlegt leiðarval hefur farið fram mun stofnunin þurfa að fá þá tillögu til umsagnar ásamt nákvæmri afstöðu leiðarinnar til fornleifa til að geta sagt til um hver áhrif vegagerðin muni hafa á fornleifar og til hvaða mótvægisaðgerða beri að grípa.

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki frekari athugasemdir við fyrirliggjandi matsskýrslu um Vestfjarðarveg milli Bjarkalundar og Eyri í Reykhólahreppi. Stofnunin bendir á að varast ber að hafa vinnuskúra og efnisgeymslur of nálægt fornleifum og að haga ber akstri vinnuvéla með tilliti til fornleifa.

Bent skal á að í 10. gr. þjóðminjalaga stendur m.a.: *Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.* Og 13. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*

Virðingarfyllst,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins

Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður

Kristinn Magnússon
Deildarstjóri